GÍSLI ÞORSTEINSSON
Poppað í þágu vísindanna
• Græjur
allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR
Nýjar íbúðir í Kórahverfi
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

ALEXANDER SIGURÐSSON
Upprennandi stjarna
Slær í gegn í Astrópíu
FÓLK 30

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
27. ágúst 2007 — 231. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Íslandsvinir í eina sæng

Jude Law og Cameron Diaz stinga saman nefjum á Hawaii.

FÓLK 22

Ofmetið Ísland

Bandarísku ferðatímariti finnst Ísland ekki standa undir væntingum.

FÓLK 30

Var verið að skemmta sér?

„Það er brotið og bramlað, hent og grýtt, hrinið og rýtt, slegið, sparkað og kýlt, röflað og rausað, gólað og gargað – og lumbrað á löggum," skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

KR aftur á botninum

KR og ÍA skildu jöfn í gær en þar sem Fram vann HK er KR aftur komið í botnsæti deildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 27

VEÐRIÐ Í DAG



GÓÐVIÐRI - Í dag verða suðvestan 5-10 m/s norðan og norðavestan til, annars mun hægari. Skýjað með köflum suðvestan- og vestanlands, annars yfirleitt léttskýjað. Hiti 7-16 stig, hlýjast til landsins eystra.

VEÐUR 4

Bremsuleysi orsök slyssins

Fimmtán menn slösuðust þegar rútu var ekið út af á Bessastaðafjalli í Fljótsdal. Tveir slösuðust alvarlega en eru ekki í lífshætta. Þrjátíu voru í rútunni og voru fimmtán útskrifaðir af sjúkrahúsum í gær.

SLYS Fimmtán starfsmenn verktakafyrirtækisins Arnarfells slösuðust þegar rútu var ekið út af á veginum niður af Bessastaðafjalli á Fljótsdalsheiði rétt fyrir klukkan eitt í gær. Rútan hafnaði á grjótvegg. Þrjátíu menn frá Póllandi, Rússlandi og Lettlandi voru í rútunni.

Slysið varð í beygju efst á veginum niður af fjallinu. Talið er að bremsur rútunnar hafi bilað. Óskar Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Seyðisfirði, getur ekki staðfest að bremsur rútunnar hafi bilað en segir að ekki hafi verið bremsuför að slysstaðnum. Rútan verður rannsökuð í dag.

Læknir á sjúkrahúsinu segir að einhverjir mannanna hafi verið í bílbeltum.

Að sögn Péturs Heimissonar, yfirlæknis á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum, voru tveir mannanna sendir með sjúkraflugi á slysadeild Landspítala í Fossvogi í gærdag því meiðsli þeirra voru talin alvarleg. Vakthafandi læknir á slysadeildinni sagði í gærkvöldi að mennirnir væru ekki í lífshætta en að annar þeirra hefði verið sendur á gjörgæslu.

Sjö af mönnunum voru sendir til Reykjavíkur með Fokker-flugvél Landshelgisgæslunnar um sexleytið í gær. Mennirnir hlutu ýmiss konar beinbrot en eru ekki alvarlega slasaðir að sögn vakthafandi læknis. Sex hinna slösuðu voru sendir á sjúkrahúsið á Akureyri, Norðfirði og Neskaupstað.

Fimmtán farþegar í rútunni hlutu minniháttar áverka og voru fluttir í fjöldahjálparstöð Rauða kross Íslands í Grunnskólanum á Egilsstöðum. Þeir voru síðan fluttir á sjúkrahúsið á Egilsstöðum og útskrifaðir í gær.

Auk Fokker-vélarinnar voru þyrlur gæslunnar TF-GNÁ og TF-EIR sendar frá Reykjavík og á slysstað til að sjá um sjúkraflutninga. Fokker-flugvél frá Flugfélagi Íslands var einnig send frá Reykjavík á slysstaðinn með lækna og hjúkrunarfólk.

Rútan var á leið til Egilsstaða með mennina frá Hraunaveitu í Fljótsdal, þar sem Arnarfell vinnur að sprengingu og borun veituganga Jökulsár í Fljótsdal. - ifv

Á LEIÐ Á SJÚKRAHÚS Mennirnir sjö sem slösuðust í bílslysinu á Bessastaðafjalli í gær voru fluttir með Fokker-flugvél Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur. Vélin lenti við flugskýli Gæslunnar á Reykjavíkurflugvelli rétt fyrir klukkan sjö. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensku hlaupararnir þrír komust allir í mark í Mont Blanc-fjallaþolhlaupinu:

Fjórfalt maraþon í einni lotu

FÓLK Börkur Árnason og Höskuldur Kristvinsson voru í gær meðal þeirra þolgóðu hlaupara sem luku 163 kílómetra kapphlaupi umhverfis Mont Blanc, hæsta fjall Evrópu. Vegalengdin í The North Face Ultra Trail-fjallahlaupinu jafnast á við næstum fjögur maraþonhlaup og keppendur hækka sig í landslaginu um alls 8.835 metra eða sem nemur hæð Everest-fjalls.

Börkur, sem er 35 ára, lauk þolrauninni á 35 klukkustundum og 41 mínútu en Höskuldur, sem er 57 ára, hljóp á 44 klukkustundum og 35 mínútum. Alls tóku ríflega 2.300 manns af báðum kynjum þátt í hlaupinu.

„Þetta var mjög erfitt," sagði Börkur í samtali við Fréttablaðið eftir hlaupið en kvaðst þó ekki eins þreyttur eftir þetta hlaup og mörg önnur. Hann lenti í örlitlum vandræðum í fyrri hluta hlaupsins vegna vökvaskorts og um miðbik keppninnar gerði gríðarlegur hiti hlaupurum erfitt fyrir. „Þegar fór síðan að kólna aftur þá dúndraði ég áfram og tók rosalega gott hlaup síðustu átta tímana," segir Börkur, sæll með unnið afrek. Birkir Árnason hljóp hálfa vegalengdina, 86 kílómetra, á átján og hálfri klukkustund. - sig

LAGT AF STAÐ Félagarnir Birkir, Höskuldur og Börkur skiluðu sér allir í mark í Mont Blanc-fjallahlaupinu.

Reiði í Afganistan:

Sjá guðlast í fótboltagjöf

AFGANISTAN Um hundrað manns í Khost-héraði í Afganistan hafa efnt til mótmæla gegn fótboltum.

Boltarnir, sem bandarískir hermenn dreifðu í því skyni að gleðja börn á svæðinu, eru skreyttir þjóðfánum fjölda landa. Þar á meðal er fáni Sádi-Arabíu, en á hann er prentuð tilvitnun í Kóraninn. Að mati mótmælendanna jafngildir dreifing boltanna guðlasti, því ekki komi til greina fyrir guðhræddan múslima að sparka í guðsorðið.

Stjórnvöld í Sádi-Arabíu hafa áður kvartað yfir því við stjórnarnefnd heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu að fáni landsins skuli prentaður á fótbolta. - aa

BANDARÍKIN

Tuttugu milljarða vinningur

Heppinn íbúi Richmond í Indiana-ríki vann andvirði 20 milljarða króna í lottói um helgina. Fyrsti vinningur hafði ekki gengið út síðan seint í júní en féll nú allur á einn miða. Vinningshafinn hafði ekki gefið sig fram í gær.

SPURNING DAGSINS

Jón, er Alþingi ykkur Þrándur í Götu?

„Nei."

Samgönguráðherra hefur falið Vegagerðinni að undirbúa tvöföldun Suðurlandsvegar. Sú framkvæmd er hins vegar ekki enn á samþykktri vegaáætlun Alþingis. Jón Rögnvaldsson er vegamálastjóri.

Bandarísk vefsíða útnefnir fimmtán umhverfisvænstu borgir heimsins:

Reykjavík sögð grænasta borgin

UMHVERFISMÁL Samkvæmt bandarísku vefsíðunni grist.org er Reykjavík umhverfisvænsta borg heims um þessar mundir og trónir því efst á lista Grist-samtakanna yfir grænustu borgir heims.

Á vefsíðunni eru helstu ástæður útnefningarinnar sagðar þær að í Reykjavík gangi strætisvagnar á vetni um götur borgarinnar auk þess sem heitt vatn og öll orka komi frá endurnýjanlegum uppsprettum. Þá er einnig nefnt að stefnt sé að því að borgin verði laus við jarðefnaeldsneyti árið 2050. Einnig er minnst á að borgarstjórinn í Reykjavík stefni að því að borgin verði sú hreinasta í Evrópu.

Í samantekt Grist er tekið fram að borgirnar á listanum séu ekki endilega þær grænustu á jörðinni í raun og veru en allar eigi þær það sameiginlegt að eiga hrós skilið fyrir mikla viðleitni til að gera borgirnar umhverfisvænar og hjálpa í leiðinni milljónum íbúa sinna til að lifa betra og grænna lífi. - sig

HREIN OG GRÆN Á vefsíðunni grist.org er Reykjavík efst á lista yfir grænustu borgir jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

GRÆNUSTU BORGIRNAR

Samtökin Grist útnefndu fimmtán grænustu borgir jarðar á vefsíðu sinni grist.org.

1. Reykjavík
2. Portland, Bandaríkin
3. Curitiba, Brasilía
4. Malmö, Svíþjóð
5. Vancouver, Kanada
6. Kaupmannahöfn, Danmörk
7. London, England
8. San Francisco, Bandaríkin
9. Bahía de Caráquez, Ekvador
10. Sydney, Ástralía
11. Barcelona, Spánn
12. Bogotá, Kólumbía
13. Bangkok, Taíland
14. Kampala, Úganda
15. Austin, Bandaríkin

STAÐARSKÁLI N1 hefur keypt Staðarskála ehf. í Hrútafirði.

Veitingarekstur í Hrútafirði:

N1 kaupir Staðarskála og Brú

VIÐSKIPTI N1 hefur keypt allt hlutaféð í Staðarskála ehf. af fjölskyldunni á Stað í Hrútafirði en fyrir átti N1 fjórðungshlut í fyrirtækinu.

Staðarskáli ehf. rekur Staðarskála, Veitingaskálann Brú og gistihúsið Staðarflöt og áforma stjórnendur N1 að reka félagið í óbreyttri mynd uns nýr vegur í botni Hrútafjarðar verður tilbúinn. Er þá ætlunin loka skálunum en reisa þess í stað nýjan við hin nýju gatnamót Þjóðvegar 1 undir merkjum Staðarskála og N1. - sig

Ölvun á höfuðborgarsvæðinu:

Slegist frá Mosfelli að Seltjörn

LÖGREGLUMÁL Aðfaranótt sunnudags slógust drukknir menn allt frá bæjarhátíð í Mosfellsbæ, við veitingastað suður í Kópavogi, á Bíldshöfða og allt vestur á Seltjarnarnes.

Alls voru tólf líkamsárásir tilkynntar til lögreglunnar, en engin þeirra var þó sérstaklega alvarleg og ekki voru þær bundnar við alræmdan miðbæ Reykjavíkur.

Á Nesinu var Stuðmannaball við Suðurströnd og brutust út slagsmál fyrir utan. Þegar lögreglumenn skárust í leikinn sló einn ólátaseggur grjóti í lögreglumann. - kóþ

Nýr Gjábakkavegur gæti ógnað Surtsey

Starfsmaður heimsminjanefndar óttast að Íslendingar glati trúverðugleika gagnvart UNESCO við það að leggja veg á svæði sem nú þegar hefur verið tekið inn á skrá. UNESCO fjarlægði stað af heimsminjaskrá í fyrra og gaf þá fordæmi.

UMHVERFISMÁL „Það er ekki mjög traustvekjandi ef á sama fundinum er eitt og sama landið með stað, sem er ekki nógu vel gætt, og um leið að tilnefna nýjan stað á skrána," segir Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, starfsmaður heimsminjanefndar.

RAGNHEIÐUR H. ÞÓRARINSDÓTTIR

„Það kæmi mér ekki á óvart ef fjallað yrði um þetta á sama fundinum. Það er þá sama nefndin sem þyrfti að fjalla um veginn við Þingvelli og fjallaði um tilnefningu Surtseyjar, kannski daginn eftir. Það getur haft áhrif og við gætum misst þarna ákveðinn trúverðugleika," segir hún.

Pétur M. Jónasson, vatnalíffræðingur og heiðursprófessor við Kaupmannahafnarháskóla, hefur sent Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) erindi um úrskurð Skipulagsstofnunar um nýjan sextán kílómetra langan Gjábakkaveg.

Pétur telur að niturmengun frá umferð um veginn ógni lífríki vatnsins. „Það mun virka sem saltpétursáburður á vistkerfið," segir hann. Þingvellir gætu því fallið af heimsminjaskránni.

Ragnheiður rifjar upp að í fyrra hafi staður verið fjarlægður af skránni með þessum hætti. Það hafi verið í fyrsta skipti í sögu heimsminjaskrár sem það hafi verið gert.

„Fordæmi hefur því verið sett um þetta og UNESCO hefur auðvitað eftirlit með stöðum á skránni," segir hún.

Ragnheiður vonast þó til að hægt verði að komast að einhverju samkomulagi um framkvæmdina. UNESCO hafi beitt hótunum við svipaðar aðstæður, og með góðum árangri í gegnum tíðina.

„Ég vona að okkur takist að sannfæra nefndina í París um að engin hætta sé á ferðum. Við reynum þá að fá einhverja sameiginlega niðurstöðu í þetta. Fyrrverandi heimsminjanefnd hafði verið í sambandi við Vegagerðina og látið í ljós áhyggjur. Við þurfum að ræða við hana aftur og við Þingvallanefnd. En ef við gerum ekkert gætum við lent í vandræðum."

klemens@frettabladid.is

SURTSEY Íslendingar binda nú vonir við að koma yngsta heimshlutanum á skrá yfir þá staði veraldar sem dýrmætastir þykja í náttúrufræðilegu tilliti. Það gæti farið illa í nefnd UNESCO ef Þingvöllum verður raskað á meðan Surtsey er til umfjöllunar. MYND/ERLING ÓLAFSSON

RÁÐUNEYTIÐ RANNSAKAR MÁLIÐ

Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir lögfræðinga umhverfisráðuneytisins nú skoða hvort hægt sé að taka tillit til óskar Péturs um endurupptöku á úrskurði Jónínu Bjartmarz, þáverandi umhverfisráðherra.

Jónína staðfesti úrskurð Skipulagsstofnunar hinn 10. maí, tveimur dögum fyrir síðustu kosningar.

„Það er auðvitað mjög óvenjulegt að fyrri úrskurði ráðherra sé hnekkt með þessum hætti," segir Þórunn. „En við höfum móttekið bréf Péturs og hann er einn mesti sérfræðingur Íslands á þessu sviði. Við þurfum auðvitað að fara vandlega yfir erindi hans."

Þórunn vill hins vegar ekki tjá sig efnislega um málið því samkvæmt lögum gæti það gert hana vanhæfa til að fjalla um það á seinni stigum málsins.

Rhys Jones-málið í Liverpool:

Lýst eftir upplýsingum

BRETLAND, AP Dómsmálaráðherra Bretlands hvatti í gær alla sem gefið gætu upplýsingar sem tengdust skotárásinni á hinn ellefu ára gamla Rhys Jones í Liverpool í vikunni til að koma þeim til lögreglu. Margir Liverpool-búar báðu fyrir drengnum látna og fjölskyldu hans í messum gærdagsins.

Lögreglan lýsti áhyggjum af því hve fáar vísbendingar hefðu borist frá almenningi og hét þeim vernd sem óttuðust refsiaðgerðir glæpagengja ef þeir gæfu sig fram til að koma á framfæri upplýsingum sem hjálpað gætu við að upplýsa málið. Grunur leikur á um að meðlimir unglingagengis hafi framið ódæðið. - aa

Leitað að konu í Kverkfjöllum:

Fannst í gær

LEIT 25 ára gömul ísraelsk kona, sem leitað var að í Kverkfjöllum á Vatnajökli, fannst heil á húfi síðdegis í gær. Það voru landverðir í Sigurðarskála sem gengu fram á konuna þar sem hún var stödd í Hveragili.

Rúmlega fimmtíu björgunarsveitarmenn Slysavarnafélagsins Landsbjargar höfðu leitað að konunni frá því um hádegisbilið.

Síðast hafði spurst til konunnar í Sigurðarskála á föstudaginn en hún hugðist koma í Kverkfjallaskála í Hveragili á laugardaginn. Konan skilaði sér hins vegar ekki í skálann og því var leit hafin í gær. - ifv

RÚMENÍA

Skæð flóð

Mikil flóð í ám í Rúmeníu urðu að minnsta kosti einum manni að bana í gær og 2.000 manns urðu innlyksa. 130 þorp í norður- og austurhluta landsins voru rafmagnslaus vegna flóðanna.

BÍLL DAGSINS

CHEVROLET KALOS

Nýskr. 08.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 29 þús. km.

Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020

Tekjubrestur fyrirsjáanlegur hjá kartöflubændum í Þykkvabænum eftir frostnótt:

Kartöflurnar hættar að vaxa

UPPSKERA „Það fraus aðfaranótt laugardagsins fyrir rúmri viku í Þykkvabænum og það hefur þau áhrif að kartöflurnar hætta að spretta," segir Karl Rúnar Ólafsson, kartöflubóndi í Lyngási í Þykkvabæ. „Þegar frystir frjósa grösin, visna og falla og eftir nokkra daga er sprettan stopp."

Karl Rúnar segir að ekki hafi sprottið nægilega vel í sumar vegna þurrka; haustuppskeran sé því alls ekki nógu mikil og kartöflurnar frekar smáar. „Þetta gæti haft í för með sér að skortur verði fyrr en vant er," segir hann en fullyrðir að karöflurnar séu góðar þótt litlar séu.

„Það munar öllu um þessar tvær vikur í restina fyrir sprettuna," segir Karl Rúnar sem óttast að þetta hafi mikil áhrif á afkomu kartöflubænda. „Þetta gæti munað allt að fimmtíu prósentum í tekjur fyrir kartöflubændur."

Lungann úr kartöfluræktun landsins er í Þykkvabænum og segir Karl þetta mjög sorglegt í ljósi þess að þegar loks hafi farið að rigna hafi ræktuninni verið kippt undan bændum með einni frostnótt. „Þetta gerist á um tíu ára fresti og má nefna að fyrir um tíu árum fraus fyrstu helgina í ágúst og algjör uppskerubrestur varð í kjölfarið." - sig

UPPSKERUBRESTUR Vegna frostnæturinnar í Þykkvabænum fyrir rúmri viku segir Karl Rúnar Ólafsson kartöflubóndi að afkoma kartöflubænda geti skerst um helming.

Vodafone
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR
Málið er leyst
Við kappkostum að afgreiða málið í einu símtali
Vandamálin eru til að leysa þau. Við lítum einfaldlega á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum bestu hugsanlegu þjónustu og 95% mála sem til okkar berast eru afgreidd í fyrsta símtali. Þess vegna eru líka ánægðustu viðskiptavinirnir hjá okkur, samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni.
Gríptu augnablikið og lifðu núna
vodafone
Fiton/SIA F1022712

GENGIÐ 24.08.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,89	65,19
Sterlingspund	129,89	130,53
Evra	88,17	88,67
Dönsk króna	11,846	11,916
Norsk króna	11,084	11,150
Sænsk króna	9,387	9,441
Japanskt jen	0,5605	0,5637
SDR	99,16	99,76

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 119,85

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skólabækur framhaldsskólanema ekki ókeypis líkt og Samfylkingin lofaði:

Kosningaloforð gúmmítékkar

MENNTAMÁL „Mér finnst dapurlegt að þarna er verið að svíkja ungt fólk en þetta kosningaloforð Samfylkingarinnar var í mínum huga mjög afgerandi og núna er það bara út úr myndinni," segir Höskuldur Þór Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks og fulltrúi í menntamálanefnd, um þá staðreynd að kosningaloforð Samfylkingarinnar um ókeypis skólabækur framhaldsskólanema varð ekki að veruleika í ár.

„Það sem mér finnst kannski alvarlegast í þessu er að það var send ávísun til allra framhaldsskólanema hér á Akureyri þar sem tilgreind var sú upphæð sem þeir fengju ef þeir kysu Samfylkinguna. Því má segja að kosningaloforð Samfylkingarinnar hafi bara verið gúmmítékkar," segir Höskuldur.

Einar Már Sigurðarson, fulltrúi Samfylkingarinnar í menntamálanefnd, útilokar ekki að skólabækurnar verði ókeypis á kjörtímabilinu en Höskuldur hefur litla trú á því. „Sjálfstæðismenn munu aldrei samþykkja þetta. Vissulega er þetta eitthvað sem við myndum vilja sjá í framtíðinni en ábyrgir stjórnmálamenn mega ekki lofa svona upp í ermina á sér." - eö

HÖSKULDUR ÞÓR ÞÓRHALLSSON
Fulltrúi Framsóknar í menntamálanefnd.

Pólskur maður við Bíldshöfða:

Alblóðugur við Bíldshöfðann

LÖGREGLUMÁL Vegfarendur gerðu lögreglu viðvart aðfaranótt sunnudags er þeir gengu fram á mann við Bíldshöfða, alblóðugan í andliti.

Maðurinn var fluttur á slysadeild Landspítalans og er talið að á hann hafi verið ráðist, en hann er pólskur ríkisborgari og talar ekki íslensku.

Lögreglan kallaði því til pólskan túlk á sunnudeginum, en gat ekki veitt nánari upplýsingar um tildrög líkamsárásinnar í gærkvöldi.

Maðurinn var ekki talinn alvarlega slasaður. - kóþ

FORSÆTISRÁÐHERRANN Venstre-leiðtoginn Anders Fogh Rasmussen kann brátt að boða til kosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skoðanakönnun í Danmörku:

Stjórnarflokkar missa fylgi

DANMÖRK Talsmenn dönsku stjórnarflokkanna, Venstre og Íhaldsflokksins, segjast lítið kippa sér upp við niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar á fylgi flokkanna, sem gerð var eftir að ríkisstjórnin kynnti áform um lækkun tekjuskatts og aukin útgjöld til velferðarmála. Í könnuninni tapa stjórnarflokkarnir fylgi.

Jafnaðarmannaflokkurinn mælist í hinni nýju könnun Catinét með meira fylgi en Venstre, með 27,3 prósent gegn 26,1. Þetta kemur nokkuð á óvart í ljósi þess að skattbreytingarnar voru taldar til vinsælda fallnar hjá stórum hluta kjósenda. - aa

HVALFJARÐARGÖNGIN

Þrír á sjúkrahús

Þrír slösuðust þegar bílar rákust saman í Hvalfjarðargöngunum á fjórða tímanum í gær. Fólkið var flutt með hraði á sjúkrahúsið á Akranesi, en var ekki talið alvarlega slasað. Loka þurfti göngunum um skeið vegna þessa.

SLÖKKVILIÐIÐ

Íkveikja í Safamýrinni

Kveikt var í þremur ruslatunnum við gamla Fram-heimilið í Safamýri í gær. Ekki urðu skemmdir en töluverðan reyk lagði frá tunnunum. Lögreglan rannsakar málið.

Talið er að kveikt hafi verið í sófanum

Eldur kom upp á meðferðarheimilinu Stuðlum í gær. Reykkafarar björguðu tveimur stúlkum úr eldsvoðanum. Miklar eld- og reykskemmdir urðu á húsinu. Forstöðumaður Stuðla neitar því að stúlkurnar hafi verið læstar inni.

ELDSVOÐI Reykkafarar björguðu tveimur unglingsstúlkum úr eldsvoða á meðferðarheimilinu Stuðlum í Grafarvogi í gær. Stúlkurnar voru fluttar með meðvitund á slysadeild Landspítala í Fossvogi. Stúlkurnar, sem eru vistmenn á Stuðlum, voru með mikla reykeitrun og brunasár að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Eldurinn kviknaði í sófa í sameiginlegu vistrými sjúklinga á neyðarvistun meðferðarheimilisins. Lögreglan segir að grunur leiki á að um íkveikju hafi verið að ræða. Fimm vistmenn á Stuðlum og þrír starfsmenn voru inni í húsinu þegar eldurinn kom upp.

Stúlkurnar höfðu farið inn í svefnherbergi annarrar þeirra, sem er inn af sameiginlegu rými vistmanna á neyðarvistuninni þar sem eldurinn kviknaði. Lögregla segir að stúlkurnar hafi verið læstar inni í sameiginlega rýminu þegar eldurinn kom upp. Reykskynjari fór í gang og hringdi starfsfólk Stuðla á slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu um klukkan hálfþrjú og tilkynnti um eldinn.

Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn. Mikinn eld og reyk lagði frá húsinu þegar slökkviliðið bar að. Reykkafarar fóru inn í húsið og björguðu stúlkunum, sem voru innikróaðar í svefnherberginu vegna elds og reyks. Slökkviliðið slökkti eldinn á um þrjátíu mínútum og eldurinn náði ekki að breiðast út til annarra herbergja á meðferðarheimilinu. Miklar skemmdir urðu á neyðarvistuninni og töluverðar reykskemmdir á húsinu öllu.

KOMIÐ ÚT ÚR KÓFINU
Reykkafarar björguðu stúlkunum tveimur úr reykfylltu húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MEÐFERÐARHEIMILIÐ STUÐLAR

Stuðlar er meðferðarheimili fyrir unglinga. Það hefur starfað síðan árið 1996. Hún er staðsett í Fossaleyni í Grafarvogi. Meðferðarheimilið á að veita börnum móttöku í bráðatilvikum til að tryggja öryggi þeirra vegna meintra afbrota eða alvarlegra hegðunarerfiðleika, greina vanda barna sem talin eru þurfa sérhæfða meðferð og að veita börnum sérhæfða meðferð vegna alvarlegra hegðunarerfiðleika, vímuefnaneyslu og meintra afbrota.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ræddi við stúlkurnar í gær eftir að þær höfðu fengið aðhlynningu á slysadeild.

Einn starfsmaður Stuðla, sem reynt hafði að slökkva eldinn með slökkvitæki, fékk auk þess reykeitrun og fór sjálfur á slysadeildina og fékk aðhlynningu.

Forstöðumaður Stuðla, Sólveig Ásgrímsdóttir, segir aðspurð að stúlkurnar hafi ekki verið læstar inni á neyðarvistuninni þegar eldurinn braust út. „Engir vistmenn á Stuðlum eru læstir inni. Allar dyr voru ólæstar og stúlkurnar hefðu getað komist út sjálfar," segir Sólveig.

Hún segir að neyðarvistunin á Stuðlum verði lokuð á meðan gert verði við skemmdirnar. Fimm vistmenn geta dvalið í einu á neyðarvistuninni og voru stúlkurnar einu vistmennirnir þar þegar eldurinn kom upp. Sólveig segir að eldsvoðinn muni ekki hafa áhrif á starfsemi meðferðarhlutans, þar sem átta vistmenn geta dvalið í einu.

ingifreyr@frettabladid.is

Aron Pálmi kominn heim:

Gladdist yfir að sjá fósturlandið

FÓLK Aron Pálmi Ágústsson, sem nýlega lauk afplánun tíu ára dóms í Texas í Bandaríkjunum, lenti á Keflavíkurflugvelli í morgun. „Þetta var mikil gleðistund bæði fyrir hann og aðra sem hafa unnið að hans málum," segir Einar S. Einarsson, formaður RJF, stuðnings- og baráttuhópsins.

ARON PÁLMI

„Það var mikil og sterk feginleikatilfinning sem Aron Pálmi fann fyrir þegar hann steig á íslenska grund að nýju og hann gladdist yfir því að sjá fósturlandsins strandir á ný." Einar segir Aron Pálma hafa verið afslappaðan við heimkomuna eins og hann sé alla jafna. - sig

Safnalíf á Vestfjörðum:

Refasetur stofnað í Álftafirði

VESTFIRÐIR Stofna á refasetur, hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, í Álftafirði á Vestfjörðum. Stendur til að það verði ekki síðar en 2009.

TÓFA

Á setrinu verður hægt að fræðast um líf og hátterni melrakka sem eru fjölmargir á Vestfjörðunum.

Vonast aðstandendur setursins eftir samvinnu við ýmsar stofnanir um reksturinn. - kóþ

VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

YFIRLEITT NOKKUÐ BJART

Það er mjög bjart yfir spánum þennan daginn og gæti víða orðið hið besta veður. Miðað við stöðu veðurkerfa má þó reikna með að það verði skýjað með köflum vestan til og jafnvel gæti orðið vart súldardropa þar síðdegis. Í fyrramálið verður þurrt en síðdegis á morgun verður víða komin nokkuð eindregin rigning á vestanverðu landinu.

REYKJAVÍK Í DAG

Hæg suðlæg átt. Skýjað með köflum. Hiti 9-13 stig.

um hádegi »



» á morgun



3-8 m/s, stífastur norðvestan til.

» miðvikudagur



5-10 m/s sunnan og vestan til, annars hægari.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	17°C skúrir	London	21°C hálfskýjað	Friedrichshafen	27°C léttskýjað
Billund	17°C rigning	París	23°C léttskýjað	Basel	28°C léttskýjað
Osló	16°C skúrir	Amsterdam	20°C léttskýjað	Alicante	31°C heiðskírt
Stokkhólmur	17°C skúrir	Frankfurt	23°C léttskýjað	Algarve	26°C léttskýjað
Gautaborg	17°C skúrir	Berlín	19°C léttskýjað	Las Palmas	26°C léttskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.toyota.is



Kostirnir eru augljósir

ÍSLENSKA SÍA.IS TOY 37855 08/07

Toyota - framfarir fyrir umhverfið

Sparneytnari, umhverfisvænni og aflmeiri.
Með D-4D tækninni hafa dísilvélar Toyota tekið stórstígum framförum. Vélarnar eyða minna eldsneyti á meðan aflið hefur aukist til muna. D-4D dísilvélar Toyota eru hljóðlátar og bjóða upp á þægilegan akstur.

Dísilvélar Toyota nýta eldsneytið betur og losa mun minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið en sambærilegar bensínvélar sem gerir þær umhverfisvænni og ódýrari í rekstri.

Hægt er að fá flestar gerðir Toyota-bíla með dísilvél en úrvalið spannar vélar með rúmtaki frá 1,4 upp í 3,0 lítra sem skila afli frá 90 upp í 177 hestöfl.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi Nýbýlavegi 4 Kópavogur Sími: 570-5070	Toyota Akureyri Baldursnesi 1 Akureyri Sími: 460-4300	Toyota Reykjanesbæ Njarðarbraut 19 Reykjanesbær Sími: 420-6600	Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfoss Sími: 480-8000	Toyota Austurlandi Miðási 2 Egilsstaðir Sími: 470-5070

LEITIN AÐ ÞÝSKU FERÐAMÖNNUNUM

HORFT AF HRÚTFJALLSTINDUM Leitarmenn lögðu sig í hættu og eru sagðir hafa unnið einstakt fjallamennskuafrek með því að klifra tindana, sem eru illkleifir á þessum tíma árs. FRÉTTABLAÐIÐ/LANDSBJÖRG

Líklegast að Þjóðverjarnir hafi fallið ofan í sprungu

Þýsku ferðamennirnir Matthias Hinz og Thomas Grundt eru taldir af. Ályktað er að þeir hafi yfirgefið tjöld sín á Svínafellsjökli miðvikudaginn 1. ágúst og ekki skilað sér til baka. Leitarfólk lagði sig í mikla hættu í þessari umfangsmestu leit á Íslandi í áraraðir. Allt var gert sem hægt var að gera til að finna mennina.

LEIT „Það er búið að gera allt sem hægt er að gera," sagði Víðir Reynisson, yfirmaður almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, í gærmorgun eftir að móður Matthiasar Hinz, sendiherra Þýskalands á Íslands og dómsmálaráðherra Íslands hafði verið tilkynnt að tvímenningarnir væru taldir látnir og leit væri hætt.

Þar með lauk einni umfangsmestu leit á Íslandi um árabil.

Ógjörningur er að segja til um það með vissu hvað henti Þjóðverjana tvo en líklegast er talið að þeir hafi fallið ofan í sprungu.

Matthias Hinz og Thomas Grundt komu til landsins fimmtudaginn 27. júlí. Það eitt er vitað að þeir ætluðu í einhverjar ferðir, hugsanlega jöklaklifur. Þeir tjáðu ættingjum sínum í Þýskalandi að þeir myndu láta heyra frá sér sunnudaginn 12. ágúst og áttu pantað flugfar heim föstudaginn 17. ágúst. Þegar ljóst var að þeir voru ekki um borð í flugvélinni óskaði lögreglan í Þýskalandi eftir að grennslast yrði fyrir um mennina á Íslandi. Eftirgrennslan hófst laugardaginn 18. ágúst og formleg leit þremur dögum síðar. Leitin vatt upp á sig eftir því sem á leið og vísbendingum fjölgaði og tóku samtals 122 menn þátt í henni. Leitað var í 25 hópum, á 24 skilgreindum svæðum sem sum hver voru yfirfarin tvisvar og jafnvel þrisvar. Allir reyndustu leitarmenn landsins voru kallaðir til, meðal annars sérstakir fjallabjörgunarmenn.

Sunnudaginn 19. ágúst fundust gögn í tölvum mannanna í Þýskalandi sem bentu til að þeir hygðust ferðast um Lónsöræfi og norðan við Vatnajökul. Tveimur dögum síðar fengust upplýsingar um að sími í eigu annars þeirra hefði móttekið SMS-skilaboð í gegnum sendi við Bölta í Skaftafelli. Eftir það beindist leit að nærliggjandi svæðum og var stjórnstöð sett upp í Skaftafelli.

Meðal þeirra sem gáfu sig fram við leitarmenn var leiðsögumaður sem á einni af mörgum ferðum sínum um Svínafellsjökul, síðustu daga og vikur, hafði séð ferðamenn með stóra bakpoka og fullan búnað en slíkur ferðamáti er sjaldgæfur á jöklinum. Trússferðir, þar sem vistir eru fluttar á farartækjum milli áfangastaða göngumanna, eru á hinn bóginn algengar. Álitið var að þar kynnu Matthias og Thomas að hafa verið á ferð.

Fimmtudaginn 23. ágúst fundust tjöld þeirra á jökli. Í þeim voru miklar matarbirgðir en lítið rusl. Í tjaldbúðunum fannst líka handskrifaður miði sem á stóðu tölur sem taldar eru vera dagsetningar. Stóð; 29, 30, 31, og 1, og aftan við fyrstu þrjár dagsetningarnar tölur sem álitnar eru standa fyrir gengnar klukkustundir. Í ljósi þess að ekkert stendur aftan við dagsetninguna 1. er ályktað að mennirnir hafi yfirgefið búðir sínar þann dag en ekki komið aftur.

Eftir að tjaldbúðirnar fundust þrengdist leitarsvæðið; þekktar göngu- og klifurleiðir í nágrenninu voru farnar auk þess sem flogið var yfir á þyrlum og flugvél Landhelgisgæslunnar.

Á laugardagskvöld var svo komið að ekki þótti ástæða til að halda leit áfram. Leitað hafði verið á svæðum sem talið var líklegt að mennirnir hefðu farið um, á nærliggjandi svæðum sem hægt var að leita á og jafnvel á svæðum sem efast má um að skynsamlegt hafi verið að leita á.

Það er mat þeirra sem til þekkja að björgunarsveitarfólk hafi unnið mikil afrek við störf sín síðustu daga. Þeir sem lengst og hæst fóru gengu vegalengd sem svarar til göngu á Everest-fjall. Þá unnu þeir sem klifu Hrútfjallstinda mikið afrek í fjallamennsku við þær aðstæður sem nú ríkja á hálendinu. Aðstæður til leitar voru erfiðar og ýmsar hættur urðu á vegi leitarfólks, til dæmis sprungur, svelgir og hrynjandi ísbjörg.

bjorn@frettabladid.is

ATBURÐARÁSIN

27. júlí föstudagur
Matthias Hinz og Thomas Grundt koma til landsins. Fátt er vitað um ferðir þeirra en þeir tilkynntu ættingjum að þeir hygðust láta vita af sér 12. ágúst. Þeir áttu pantað flugfar heim 17. ágúst.

18. ágúst laugardagur
Eftirgrennslan hefst. Björgunarsveit send í Veiðivötn til að kanna vísbendingar. Lögregla óskar eftir upplýsingum um mennina frá Þýskalandi.

19. ágúst sunnudagur
Rannsóknarhópur stofnaður. Tölvur mannanna í Þýskalandi skoðaðar, í þeim finnast upplýsingar um ferðaplön á Lónsöræfum og norðan Vatnajökuls. Þær leiðir skoðaðar úr þyrlu. Símaupplýsinga aflað frá símafyrirtækjum. Vísbendingar berast víða að.

20. ágúst mánudagur
Rannsóknarvinna heldur áfram. Farið í skála norðan Vatnajökuls og í Geithellnadal.

21. ágúst þriðjudagur
Leit hefst. Upplýsingar berast um að mennirnir hafi fengið smáskilaboð í gegnum sendi í Skaftafelli. Stjórnstöð er sett upp í Skaftafelli og björgunarsveitir kallaðar út. Sérhæfðir fjallabjörgunarmenn eru sendir á vettvang til að hefja leit daginn eftir.

22. ágúst miðvikudagur
Leitað er í Skaftafelli, á jöklum og láglendi, einnig úr þyrlu. Beinist leitin ekki síst að því að finna vísbendingar á borð við tjöld mannanna.

23. ágúst fimmtudagur
Tjöldin finnast og er leit beint að svæðinu í kringum þau og leiðum upp frá þeim. Fleiri sérhæfðir fjallamenn kallaðir út. Sporhundur er sendur að tjöldunum.

24. ágúst föstudagur
Spor mannanna finnast á Svínafellsjökli. Þau liggja í átt að Hrútfjallstindum og til baka. Björgunarsveitarmaður slasast.

25. ágúst laugardagur
Svínafellsjökull fínleitaður, sigið niður í sprungur og svelgi. Hrútfjallstindar klifnir. Einnig leitað á svæðinu frá Skaftafellsjökli í vestri að Sandfellsleið á Hnúk í austri. Farið á vélsleðum frá Jöklaseli upp að Hvannadalshnjúk og út á Snæbreið.

26. ágúst sunnudagur
Leit formlega hætt. Thomas Grundt og Matthias Hinz taldir af.

SVIPAST UM Í KRINGUM TJÖLDIN Eftir að tjaldbúðir tvímenninganna fundust á fimmtudag beindist leitin að þekktum göngu- og klifurleiðum í nágrenninu og voru þær skoðaðar af jörðu og úr lofti. Af handskrifuðum miða sem fannst í búðunum er ályktað að mennirnir hafi haldið úr tjöldunum miðvikudaginn 1. ágúst og ekki skilað sér til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

FYRIR ALVÖRU NÖRDA!

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem lifa og hrærast í tölvuheiminum og vilja starfa á þeim vettvangi. Námið er tvískipt og undirbýr nemendur undir þrjú alþjóðleg próf: A+ prófin frá Comptia og MCP (Microsoft Certified Professional)

Kerfisstjórinn

FYRRI HLUTI - TÖLVUVIÐGERÐIR
Nemendur læra að uppfæra, bilanagreina og gera við tölvubúnað. Kennslan fer fram í nýrri, fullkominni tölvuviðgerðarstofu NTV.

SEINNI HLUTI - MCP – XP NETUMSJÓN
Nemendur öðlast færni og kunnáttu til að setja upp og hafa umsjón með tölvum sem keyra á Windows XP stýrikerfinu, öðlast víðtækan skilning á netkerfum og verða færir í að leysa vandamál sem að þeim snúa.

180 stundir - Verð: 233.000.-
Kvöld- og helgarnámskeið
byrjar 24. september

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

HREYFING, HEILBRIGÐI, SKEMMTUN.

Herþjálfun
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á.
Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

Lífsstílsnámskeið
Egilshöll/Lækjarskóli Hfj.
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

Karlapúl
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri.

Hörkupúl í góðum félagsskap

Eitt L.Í.F.
Egilshöll
Skemmtilegt námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.

Hópefli
Egilshöll
Frábær skemmtun og hreyfing fyrir fyrirtæki og vinahópa.

Tarzan
Egilshöll
Námskeið fyrir 5 -12 ára börn á sérútbúnum Tarzan velli.

Fit-Pilates
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

Rope Yoga
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar líkama og sál.

Dansskóli Birnu Björns
Egilshöll/Lækjarskóli Hfj.
Freestyle, Jazzballet, Hip Hop, Freestyle og söngleikjadans fyrir börn og unglinga

Scientific fighting
Egilshöll / Lækjarskóla hfj.
Ein besta alhliða sjálfsvörn sem völ er. Nemandinn fær að upplifa alvöru aðstæður.

Sundskóli
Lækjarhlíð, Mosfellsbæ
Sundkennsla fyrir 1 – 5 ára börn.

Breakdans - Nýtt
Egilshöll
Natasha kennir break-dans frá götum New York borgar. The Basic Break moves

Pole Fitness - Nýtt
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi.
Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi.
Frábær líkamsrækt þar sem dans, styrk og úthaldi er blandað saman.

Mömmuþrek
Egilshöll/Lækjarskóli Hfj.
Frábær leið fyrir nýbakaðar mæður að komast í sitt fyrra form í góðum félagsskap.

Meðgöngu-yoga
Lögð er áhersla á að kenna konum að nota öndun til að auðvelda fæðinguna.

sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á landsins mesta úrval námskeiða.
Næstu námskeið hefjast 10. september í Egilshöll, Íþróttahúsi Lækjarskóla Hafnarfirði og Íþróttamiðstöð Lækjarhlíð, Mosfellsbæ.

heilsuakademían
Hreyfing, heilbrigði, skemmtun
www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heitir kanslari Þýskalands?*
2. *Frá hvaða landi eru menninirnir tveir sem leitað hefur verið að á og við Svínafellsjökul síðustu daga?*
3. *Hvað heitir Íslendingurinn sem kom til landsins í gær eftir að hafa nýverið lokið vist í stofufangelsi í Texas í Bandaríkjunum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

ELDHAF Logarnir læsa sig í hús í bænum Kapsala á eynni Evia norður af Aþenu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Eldar ógna Ólympíu

Hátt á sjötta tug manna var í gær staðfest að hefðu farist í skógareldunum í Grikklandi frá því þeir kviknuðu á föstudag. Eldhafið ógnaði Ólympíu hinni fornu.

GRIKKLAND, AP Eldhaf hélt í gær áfram að gleypa í sig skrælnaðan gróður um allt sunnanvert Grikkland og eldarnir nálguðust óðfluga fornleifarnar í Ólympíu, þar sem Ólympíuleikarnir voru háðir til forna. Að minnsta kosti 58 manns voru í gær staðfestir látnir af völdum skógareldanna undanfarna þrjá daga. Óttast var að tala látinna myndi hækka þar sem sífellt kviknuðu nýir eldar og sterkur vindur bar eldinn hratt út til þorpa og bæja.

Stjórnvöld forðuðu í gær bæði á sjó og landi hundruðum íbúa slíkra bæja, sem voru umkringdir af eldhafinu, úr húsum sínum og hótelum.

„Það logar alls staðar eins og í víti," hefur AP eftir Costas Ladas, íbúa bæjarins Kolyri í grennd við Ólympíu hina fornu. Hann sagði eldinn hafa farið yfir tvo kílómetra lands á þremur mínútum. „Ég hef aldrei séð annað eins." Að minnsta kosti sjö hús brunnu í bænum.

Verstu eldarnir geisuðu í fjallahéruðunum á Pelopsskaga í Suður-Grikklandi og á eynni Evia norður af Aþenu. Alls voru 42 meiriháttar eldar taldir í gær. Nýir eldar kviknuðu einnig í gær á stöðum sem höfðu sloppið fram að því, svo sem í Fþiotida-héraði.

Upptök eldanna voru í nokkrum tilvikum rakin til íkveikju og hafa sjö manns verið handteknir, grunaðir um að hafa kveikt í.

Nærri 1.000 hermenn, með liðsinni herþyrlna, styrktu raðir slökkviliðsmanna sem börðust af öllum mætti við eldana. Tugir brunninna mannslíka hafa fundist á ökrum, í rústum húsa, meðfram vegum og í bílum, þar á meðal af móður með armana utan um fjögur börn sín.

Hjálp við slökkvistarfið barst frá að minnsta kosti tólf löndum. Sex sérútbúnar vatnsdreifingarvélar frá Frakklandi og Ítalíu tóku þátt í aðgerðum í gær.

Ríkisstjórnin, sem lýsti yfir neyðarástandi í öllu landinu vegna þessara verstu skógarelda sem þar hafa geisað í áratugi, tilkynnti í gær að fólki sem missti nákomna eða eignir í eldunum yrðu boðnar allt að 10.000 evrur, andvirði 870.000 króna, í viðlegubætur.

audunn@frettabladid.is

Leirvogstunga í Mosfellsbæ:

Sala 34 lóða hefst í dag

MOSFELLSBÆR Í dag hefst sala á 34 nýjum lóðum í Leirvogstungu í Mosfellsbæ, þar af 29 einbýlishúsalóðum sem liggja nærri Leirvogsá. Lóðirnar eru með þeim síðustu sem boðnar verða til sölu í hverfinu og er búist við að þær seljist hratt miðað við þau góðu viðbröð sem lóðirnar á svæðinu hafa fengið til þessa.

Í Leirvogstunguhverfinu verða engin fjölbýlishús og rýmra um lóðir en víða annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Þá er áhersla lögð á sérstaka hverfismiðju, græn svæði og nálægð við náttúru. - sig

Merkel kanslari í Kína:

Kínverjar neita tölvunjósnum

ÞÝSKALAND, AP Angela Merkel, kanslari Þýskalands, lenti í Peking í gær, en kínverska höfuðborgin er fyrsti viðkomustaður hennar í vikulangri ferð til Austur-Asíuveldanna Kína og Japans.

Í Kínaheimsókninni eru loftslagsmál, mannréttindi og efnahagsmál efst á dagskrá viðræðna kanslarans við þarlenda ráðamenn.

Talsmenn Kínastjórnar vísuðu á bug í gær fréttum þess efnis, að tölvuþrjótar á vegum kínverskra stjórnvalda hefðu brotist inn í tölvur á skrifstofu kanslarans og fleiri stjórnarskrifstofum í Berlín og komið þar fyrir njósnaforritum. Þetta var fullyrt á fréttavef Der Spiegel um helgina. - aa

capacent

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

NÝTT NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðar, er markviss stjórnendaþjálfun sem er haldin í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands og Símenntun Háskólans á Akureyri. Námið höfðar til stjórnenda sem vilja auka skilning sinn á hlutverki og aðferðum stjórnenda sem ná góðum árangri. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

Námið skiptist í eftirfarandi hluta:
1. Stjórnandinn og stjórnendahæfileikar, stjórnendapróf og sjálfsskoðun.
2. Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
3. Skapandi hugsun.
4. Streitu-, álags- og tímastjórnun.
5. Árangursríkt samstarf (hópstarf).
6. Framkoma, tjáning og ræðumennska.
7. Mannauðsstjórnun; að stjórna fólki.
8. Kúnstin að taka ákvörðun.
9. Hlutverk stjórnandans; breytingastjórnun.
10. Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

Námið hefst 12. september og er samtals 92 klukkustundir.
Verð: 365.000 kr.

Hægt er að sækja um styrk hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.
Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

www.capacent.is

„Stjórnendur ná árangri með því að aðstoða aðra við að bæta árangur sinn."
Vilmar Pétursson, partner hjá Capacent Ráðgjöf.

ÚTSALA
15-50 %
OPIÐ FRÁ 9-18

PARKET / FLÍSAR / HURÐIR
INNRÉTTINGAR / MÁLNING
ARNAR / HREINLÆTISTÆKI

PARKI.IS / DALVEGI 10 - 14 / SÍMI 5643500

Parki
INTERIORS

SÓLSETUR Í NEW ORLEANS Þessi pelíkani tyllti sér á bryggjustólpa við Pontchartrain-vatn í New Orleans í Bandaríkjunum kvöld eitt í vikunni á meðan sólin seig í hafið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skora á samgönguráðherra að koma vegum í lag á Reykjanesi:

Viljum koma þessu inn í 21. öldina

SAMGÖNGUR „Við viljum náttúrlega bara fá almennilega nútíma vegi um helstu ferðamannaslóðir á Reykjanesinu," segir Kristján Pálsson, formaður Ferðamálasamtaka Suðurnesja.

Í tilkynningu frá Ferðamálasamtökum Suðurnesja er lýst miklum vonbrigðum með seinagang sem hefur orðið á lagfæringu á vegum um Reykjanesið. Þar kemur fram að margir vegakaflar um Reykjanesið séu enn malarvegir sem fái lítið sem ekkert viðhald þrátt fyrir gríðarlega umferð. „Slæmt ástand þessara vega hamlar mjög markaðssetningu Reykjanessins sem ferðamannasvæðis," segir jafnframt í tilkynningunni. Þar kemur einnig fram að ferðaskipuleggjendur hafa jafnvel dregið úr skipulögðum ferðum um svæðið vegna þess hve sumir vegir um Reykjanesið eru í slæmu ástandi ár eftir ár.

Kristján segir leiðina frá Grindavík út á Reykjanesvita ennþá vera malarveg. „Það er búið að standa til í tvö ár að malbika veginn. Smám saman hætta menn bara að nenna að keyra þessa vegi og því höfum við áhyggjur af því hvernig málin eru að þróast."

Hann segist hafa heyrt af rútum sem rétt silist áfram og farþegar hristist til og frá. „Við viljum ekki hafa vegina svona heldur viljum við koma þessu inn í 21. öldina."

- lbb

VEGIR SEM GERÐ ER ATHUGASEMD VIÐ:

- Nesvegur frá Grindavík að Reykjanesvita.
- Ósabotnavegur frá Básendum að Hafnarvegi.
- Krýsuvíkurvegur í gegnum Reykjanesfólkvang að Suðurstrandarvegi.
- Suðurstrandarvegur frá Ísólfsskála til Þorlákshafnar.

Brautskráning frá HR:

Fimmtán með meistarapróf

MENNTUN 32 útskriftarnemar af kennslufræði- og lýðheilsudeild voru brautskráðir frá Háskólanum í Reykjavík um helgina með fjórar mismunandi gráður. Fimmtán nemendur brautskráðust með meistarapróf í lýðheilsufræðum og var það í fyrsta sinn sem skólinn útskrifar meistaranema í því fagi.

Náminu í deildinni er ætlað að höfða til þeirra sem vilja afla sér kennsluréttinda til starfa innan skólakerfisins og þeirra sem vilja vinna að velferð einstaklinga í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu. - sig

Vilja þyrma húsinu við Hafnarstræti 98

Húsið við Hafnarstræti 98 á Akureyri verður rifið á næstunni og teikningar af nýju húsi hafa verið samþykktar. Hópur bæjarbúa vill að húsið verði gert upp en bæjarstjórinn segir það ónýtt og telur yfirvöld lítt geta aðhafst í málinu.

SKIPULAGSMÁL Hafist verður handa á næstu vikum við að rífa húsið við Hafnarstræti 98 á Akureyri. Húsið, sem eitt sinn hýsti Hótel ureyri, hefur að mestu staðið autt í fjölda ára. Einhver starfsemi hefur þó verið á jarðhæð þess undanfarin ár. Skiptar skoðanir eru meðal bæjarbúa um niðurrif hússins. Meðal annars er ágreiningur um ástand hússins.

„Tveir sérfræðingar sem ég hef rætt við segja að húsið sé í ágætu ástandi. Það mælir ekkert gegn því að það verði gert upp," segir Ágúst Þór Árnason. Hann er í hópi þeirra sem eru ósáttir við að rífa eigi húsið. Ágúst segir stórkostleg umskipti hafa orðið á nokkrum gömlum húsum í miðbænum undanfarið. Þau hafi verið glæsilega gerð upp en skugga beri nú á endurreisnina. Ágúst segir óskandi að aðstandendur samtakanna Akureyri í öndvegi taki á þessu máli, en samtökin eru áhugahópur um uppbyggingu miðbæjarins á Akureyri.

Ragnar Sverrisson verslunareigandi er í forsvari fyrir samtökin. Hann segir þau ekki hafa fundað vegna málsins og hann geti því ekki talað fyrir hönd þeirra. „En það er búið að ákveða þetta, og það fyrir löngu. Ef einhverjir Akureyringar hefðu haft miklar tilfinningar til þessa húss hefði verið hafist handa við þetta fyrir ári síðan. Staðreyndin er bara sú að margir Akureyringar hafa engar tilfinningar til hússins. Það er búið að vera ljótt lengi og hefur verið hálfgerður bastarður í bænum í tugi ára," segir Sverrir. Hann segist bera mikla virðingu fyrir þeim fallegu húsum sem þegar hafi verið gerð upp og þeir sem hafi gert þau upp eigi heiður skilinn. Það sama eigi einfaldlega ekki við um þetta hús.

HAFNARSTRÆTI Á AKUREYRI Húsið sem um ræðir, Hafnarstræti 98, hefur að mestu staðið autt undanfarin ár. Við hlið þess standa nýuppgerð hús, Parísarhúsið og Hamborgarhúsið. MYND/ÁGÚST ÞÓR ÁRNASON

„Þetta hús er búið að vera ónýtt í fjölda ára," segir Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri. „Eigendur þess hafa ekki séð ástæðu til þess að gera það upp og þá er erfitt um vik fyrir bæjarfélagið að gera það. Vissulega fullyrði ég þó að það yrði prýði að því að gera húsið upp," segir hún. thorunn@frettabladid.is



Pólskur þingmaður handtekinn:

Kærður fyrir nauðgun

PÓLLAND, AP Stanislaw Lyzwinski, þingmaður popúlistaflokksins Sjálfsvarnar í Póllandi sem sat í ríkisstjórn þar til fyrir skemmstu, var í gær handtekinn á grundvelli ákæru fyrir nauðgun og önnur kynferðisbrot. Lögmaður hans staðfesti þetta í gær.

Héraðsdómur í Lodz gaf út handtökuskipunina á hendur Lyzwinski, eftir að saksóknarar tengdu hann við spillingarhneyksli sem snýst um að áhrifamenn í Sjálfsvörn útveguðu konum störf á vegum flokks og ríkis í skiptum fyrir kynlífsgreiða. Lyzwinski var sviptur þinghelgi fyrir helgi. - aa

Andláts Díönu minnst:

Camilla verður fjarri athöfninni

BRETLAND, AP Camilla, eiginkona Karls Bretaprins, lýsti því yfir í gær að hún myndi ekki þiggja boð um að vera viðstödd minningarathöfn sem haldin verður í vikunni í tilefni af því að rétt tíu ár verða þá frá andláti Díönu prinsessu.

CAMILLA

Með því að afþakka boð Karls og sona hans, prinsanna Vilhjálms og Harry, um að vera við athöfnina á föstudaginn er Camilla að koma til móts við þá sem telja það óviðeigandi, þar sem hún átti í ástarsambandi við Karl á meðan hann var enn kvæntur Díönu. - aa

GAGNRÝNI Íraski forsætisráðherrann talar í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Írak og Bandaríkin:

Nouri al-Maliki svarar fyrir sig

ÍRAK, AP Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, sendi bandarískum gagnrýnendum sínum tóninn í gær. Sagði hann að Hillary Clinton og aðrir demókratar sem hafa kallað eftir því að hann fari frá ættu að „ná áttum“ og hætta að koma fram við Írak eins og væri það „eitt af þeirra eigin þorpum“.

Maliki vandaði Bandaríkjaher heldur ekki kveðjurnar vegna þess hvernig hann hefur staðið að aðgerðum í hverfum sjía-múslima í Bagdad. Þær hefðu aukið enn á spennuna í aðdraganda þingumræðunnar um veru Bandaríkjahers í Írak, sem fram fer í Washington í næsta mánuði. - aa

SIMPLY CLEVER

SKODA AUTO

Fjölskylduskemmtun árið um kring í boði Skoda

FÁÐU ÁRSMIÐA FYRIR FJÖLSKYLDUNA Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINN

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

SkodaOctavia

Skoda Octavia er þekktur fyrir að vera áreiðanlegur og eyðslugrannur. Nú bjóðum við með í kaupum á nýjum Skoda Octavia kort fyrir alla fjölskylduna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn í heilt ár.

Skoda Octavia með 1,9 lítra **TDI**® dísilvél sannar að afl og hagkvæmni geta farið saman. Vélin skilar 105 hestöflum en eyðslan er einungis 4,9 lítrar í blönduðum akstri á hverja 100 km.

Skoda Octavia – skemmtilegur fjölskyldumeðlimur

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

TIL LEIGU

600 fm verslunarhúsnæði
við Kauptúnið í Garðabæ, gegnt IKEA.

Frekari upplýsingar gefur Sigþór í síma 895-8286 milli kl. 9 og 18

Pottadagar í

MEST

Öllum pottum frá MEST fylgir ríflegur kaupauki að verðmæti

70.000 kr.

dagana 27.-31. ágúst.

- Hreinsiefni
- Útisturta
- Sundvesti
- Spil
- Handklæðahengi
- Digital hitamælir

Meðan birgðir endast

ENNEMM / SIA / NM29258

Opnunartími: Mán. - fös. kl. 8-18.

Norðlingabraut 12, Norðlingaholti, Reykjavík
Sími 4 400 400 / Fax 4 400 401
mest@mest.is / www.mest.is

mest – allt til bygginga

Umhverfisviðurkenningar Kópavogsbæjar veittar:

Vogatungan fegurst gatna í Kópavoginum

UMHVERFISMÁL Vogatunga 1-49 var valin gata ársins af bæjarstjórn Kópavogs og umhverfisráði í Salnum í Kópavogi í fyrradag. Auk þess voru veittar umhverfisviðurkenningar og hlaut Bjarnhólastígur 3 viðurkenningu fyrir endurgerð húsnæðis. Með viðurkenningunum segjast bæjaryfirvöld auðsýna þeim þakklæti sem skara fram úr í umhverfismálum og jafnframt hvetja til góðrar umgengni og frágangs á lóðum.

Frá árinu 1995 hafa umhverfisviðurkenningar verið með svipuðu sniði og nú. Fegurstu garðar bæjarins hafa hlotið viðurkenningu í um fjörutíu ár.

Auk viðurkenninganna hlutu Lindaskóli, Salaskóli og Snælandsskóli verðlaun í flokknum athyglisvert framlag til umhverfismála en allir flagga þessir skólar Grænfánanum, sem er alþjóðleg viðurkenning fyrir vinnu í umhverfismálum.

Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir hönnun húsa og frágang húss og lóða á nýbyggingarsvæðum. - lbb

BJARNHÓLASTÍGUR 3 Húsið hlaut viðurkenningu fyrir endurgerð húsnæðis.

VIÐURKENNINGAR Í FJÓRUM FLOKKUM

1 Frágangur húss og lóðar á nýbyggingarsvæðum, þ.e. íbúðarhúsnæði, sérbýli og fjölbýli.
Ásakór 2-4
Desjakór 10

2 Hönnun fyrir einbýli, fjölbýli og atvinnuhúsnæði.
Kleifakór 20
Hörðukór 1
Smiðjuvegur 76

3 Athyglisvert framlag til umhverfismála.
GKG, golfbrautir meðfram Rjúpnahæðum
Lindaskóli
Salaskóli
Snælandsskóli

4 Endurgerð húsnæðis.
Bjarnhólastígur 3

Gengið verður á bökkum Þjórsár að mynni Þjórsárdals
Leiðsögn: Björg Eva Erlendsdóttir

Lagt af stað frá Hótel Flúðum klukkan 12:00 og grillað saman um kvöldið. Gönguferð og kvöldmatur í boði Vinstri grænna en göngugarpar eru hvattir til að hafa staðgott nesti með sér í ferðina.

Skráning á vg@vg.is eða í síma 552 8872

Sameinumst um bíla - látum vita af lausum plássum

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

VALDIMAR TR. HAFSTEIN Valdimar segir þjóðfræðina eiga brýnt erindi við samtímann.

147 prósenta fjölgun:

Þjóðfræðin slær í gegn

MENNTUN **„Við áttum okkur ekki alveg á þessu. Kannski er þetta vegna þess að þjóðfræðingar hafa verið meira áberandi nýlega og eru að skila sér úr námi," segir Valdimar Tr. Hafstein, lektor í þjóðfræði við Háskóla Íslands, um fjölgun nýskráninga í þjóðfræði.**

Nýskráningum í BA-nám í þjóðfræði hefur fjölgað um 157 prósent og nýskráningum í MA-nám hefur fjölgað um 400 prósent frá því í fyrra. „Þjóðfræðinga er að finna víða en þeir eru meðal annars blaðamenn, bændur, fararstjórar, safnstjórar, framkvæmdastjórar, hjálparstarfsmenn og prestar. En prestarnir eru að vísu ekki með þjóðfræðigráðuna eina." - lbb

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám haustið 2007
Menntun sem gefur þér forskot

Komdu á styttri námskeið í ágúst - fáðu forskot!

1986 - 2007 • 21 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

PEARSON VUE

Microsoft CERTIFIED Partner

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

MCSA og MCP nám

Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 stund/81 klst. **Verð**: 159.900

MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Windows Vista (70-620).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 243 stundir/162 klst. **Verð**: 299.900

Windows XP Pro SP2

Frábært nám fyrir þá sem vilja verða sérfræðingar í Windows XP (próf 70-270).

Lengd: 60 st./39 klst. **Verð**: 89.900

Windows Server 2003 R2

Sérlega gott nám fyrir verðandi kerfisstjóra og þá sem vilja taka MCP próf 70-290.

Lengd: 60 st./39 klst. **Verð** 89.900

.NET forritun

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 94 stundir/63 klst. kvöldnám
Verð: 139.900

ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

Lengd: 50 stundir/33 klst. kvöldnám
Verð: 79.900

Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.

Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

Lengd: 144 stundir/99 klst. kvöldnám
Verð: 199.900

Skrifstofunám

Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemm-ingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. **Verð**: 99.900

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. **Verð**: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! **

Lengd: 300 stundir/200 klst. **Verð**: 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

Verkefnastjórnun

Hagnýt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grund-vallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina, lykilatriði tímastjórnunar og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 50 stundir/33 klst. **Verð**: 89.900

PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærðu PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnunum óaðfinnanlega.

Lengd: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

Góð byrjun

Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdegi
Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Vefsíðugerð

Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900

DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst, **Verð**: 49.900

Microsoft Expression Web *Nýtt!*

Þú lærir allt það sem skiptir máli um nýja vefsíðukerfið frá Microsoft sem tekur við af FrontPage 2003.

Lengd: 27 stundir/18 klst, **Verð**: 29.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Byrjendanámskeið
- Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
- Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows XP fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Windows Vista fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 10.900*
- Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

Access
- Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/25.900*
- Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
- Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*

Word
- Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
- Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*
- Word II: Framhald • *22 stundir/verð 26.900*
- Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
- Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 16.900*
- Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 6.900*

Excel
- Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
- Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stundir/12.900*
- Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
- Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 34.500*
- Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

PowerPoint
- PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
- PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • *9 stund/12.900*
- PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
- PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

Outlook
- Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
- Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/6.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

Publisher
- Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

Vefsíðugerð
- DreamWeaver 8 vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
- Microsoft Expression Web • *27 stundir/verð 29.900*
- Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

Myndvinnsla og grafík
- Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
- Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
- Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *22 stundir/verð 26.900*
- Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
- Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

Windows
- Windows XP framhaldsnámskeið • *9 st./verð 12.900*

Verkefna- og tímastjórnun
- PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 stundir/verð 49.900*
- Microsoft Project verkefnastjórnun • *22 st./verð 39.900*
- Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

Ný námskeið eru merkt með rauðum lit

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar
– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

FordEscape AWD

Ford Escape - nýtt tákn um

Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákn verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákn um lífsgæði.

visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

Nýtt tákn um gæði

Kaffi og kleinur

frumsýning

Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík

félagslegan hreyfanleika

Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.

Nýtt tákn um lífsgæði

FORD ESCAPE AWD
5 dyra, sjálfskiptur
Verð frá 3.350.000 kr.*

Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Uggvænleg þróun stjórnarhátta í Rússlandi:

Ný-KGB-ríkið

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Flugmenn okkar hafa þurft að sitja heima of lengi. Það gleður þá að hefja nýtt líf.“ Þetta sagði Vladimír Pútín Rússlandsforseti er hann sendi kjarnorkusprengjuflugvélar rússneska flughersins í leiðangra út yfir heimshöfin fyrir skemmstu, þar á meðal inn í íslenzka flugstjórnarsvæðið á Norður-Atlantshafi. Í slíka leiðangra höfðu þessar flugvélar ekki verið sendar síðan í tíð Sovétríkjanna.

Þessi aðgerð fylgdi fast í kjölfar þess að hluti afrakstursins af stórauknum fjárfestingum í hergagnaiðnaði Rússlands var kynntur á alþjóðlegri sýningu í Moskvu, rússneski herinn hélt sameiginlegar heræfingar með þeim kínverska, og rússneska fánanum var komið fyrir á hafsbotni á norðurheimskautinu. Af þessu tilefni skrifar brezka vikuritið The Economist í leiðara í nýjasta hefti sínu: „Sovétríkin eru dauð og kommúnisminn grafinn fyrir löngu. En herra Pútín vill að heimurinn viti að rússneski björninn er risinn á ný – urrandi með tízkusólgleraugun á nefinu.“

Í viðtali sem blaðamaður Morgunblaðsins átti við Garrí Kasparov um helgina sparar skákheimsmeistarinn fyrrverandi ekki stóru orðin til að lýsa stjórnmálaástandinu í heimalandi sínu. „Pútín er nú að teyma Rússland aftur til KGB-áranna en eina hugmyndafræðin er peningar og völd,“ segir hann. „Nú er svo komið að meira að segja fólk sem var hliðhollt Pútín er búið að átta sig á því að þetta er mafía, lið skúrka sem stjórnar landinu eins og þetta sé þeirra eigið fyrirtæki. Allt kerfið snýst um að tryggja fjárhagslega hagsmuni valdhafanna.“

The Economist rekur þetta ástand aftur til þess tíma er Borís Jeltsín ákvað að gera fyrrverandi KGB-foringjann Pútín að eftirmanni sínum árið 1999. Áður hafði Jeltsín falið hinum líkt þekkta leyniþjónustumanni frá Sankti Pétursborg að stýra FSB, arftakastofnun KGB, um hríð og síðan skipað hann forsætisráðherra. Þá tjáði Pútín fyrrverandi kollegum sínum úr FSB, að „hópur FSB-manna, sendir til að vinna á laun í ríkisstjórn Rússlands, hefur hrint verkefni sínu í framkvæmd með góðum árangri.“ Nokkur alvara bjó tvímælalaust að baki þessari athugasemd.

Eins og Pútín leit á málin er hann settist í forsetastól var hans fyrsta verk að koma stjórn landsins í fastar skorður á ný, efla miðstýringu og slá aðra aðila sem kepptust um völd og áhrif í landinu út af taflborði stjórnmálanna: „óligarkana“ svonefndu, héraðsstjóra, fjölmiðla, þingið, stjórnarandstöðuflokka og óháð félagasamtök. KGB-félagar hans hjálpuðu honum að ná þessu fram. Á hinum tveimur kjörtímabilum Pútíns hefur þessi „hópur FSB-manna“ treyst tök sín bæði á pólitískum og efnahagslegum völdum í landinu. Menn úr FSB og systurstofnunum, hollir Pútín, ráða yfir Kreml, ríkisstjórninni, fjölmiðlum og stórum hluta efnahagslífsins, auk hersins og lögreglunnar. Með slíka menn í flestum helztu áhrifastöðunum er því ekki að undra að utanríkisstefna Rússlands hefur stefnt í æ meiri árekstra við Vesturlönd.

Hin laustengdu stjórnmálasamtök ýmissa minnihlutaafla í Rússlandi, sem Kasparov er í forsvari fyrir, eru einn þeirra fáu aðila í landinu sem enn verjast því að ganga í takt við vilja FSB-mannanna í Kreml. En eigi lýðræði, mannréttindi og réttarríki einhvern tímann að eiga sér viðreisnar von í víðlendasta landi heims er það undir fólki eins og samherjum Kasparovs komið, sem lætur ekki gerræði valdhafanna aftra sér frá því að berjast fyrir umbótum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Samlagning og frádráttur

Þeir sem rýna í mat á vatnsréttindum sem kunngjört var í vikunni síðustu reka augun í að það er ríkið sem á stærstan hlut þeirra. Hinir minni eigendur sækja nú rétt sinn til dómstóla. Ef hlutur ríkisins er dreginn frá standa eftir landeigendur sem fá í sinn hlut nærri 400 milljónir, sem stendur undarlega nærri þeirri tölu sem Landsvirkjun var reiðubúin að greiða í upphafi.

Of há hús

Varla líður sú vika að ekki berist fréttir af mótmælum fólks við hugmyndum um þéttingu byggðar. Stundum er spornað við að áður fyrirhuguð opin svæði fari undir byggð en oftar er það sú tilhneiging byggingaryfirvalda að láta stöðugt undan hugmyndum lóðareigenda að teygja byggingar sem lengst til himins án nokkurs tillits til þeirra sem lenda í skugganum. Er kominn tími til að byggingaryfirvöld í stærri sveitarfélögum fari að átta sig á að þessar nýju reglur um húsahæð ganga gegn vilja kjósenda þó að verktakar kunni vel að meta eftirlátssemina.

Bein útsending

Í afmæli Ólafs Hauks Símonarsonar á föstudag var rifjað upp að þegar nítugasta og lokasýning á Þreki og tárum fór fram á sviði Þjóðleikhússins var hún í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu. Áhorf var yfir 50 prósent. Var nema von að viðstaddir veltu fyrir sér hvers vegna ekki væri ráðist í slíkar útsendingar oftar?

pbb@frettabladid.is

Var verið að skemmta sér?

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON
Í DAG | Íslenskt ölæði

Drykkjuskapur hefur verið þjóðarböl á Íslandi um aldir og þrátt fyrir gott starf áfengisvarnafólks virðist ekkert lát á hömlulausu svolgrinu – nýir árgangar koma sífellt geysiöflugir inn.

Það er brotið og bramlað, hent og grýtt, hrinið og rýtt, slegið, sparkað og kýlt, röflað og rausað, gólað og gargað – og lumbrað á löggum. Ef marka má frásagnir heimamanna fara í viku hverri ungmenni um miðbæ Reykjavíkur í flokkum eins og innrásarher Ólafs digra í Gerplu, hlaðnir glingri og berjandisk og bölvandisk, mígandisk og gubbandisk en þó einkum brjótandisk gler. Glerflöskur, glerglös, gleráhöld – bara að það sé gler. Drukkið íslenskt ungmenni má með engu móti sjá gler án þess að gera sitt ítrasta til að mölva það mélinu smærra. Með því móti er þetta drukkna íslenska ungmenni víst að tjá sig. Og hvað skyldi nú sá vera að tjá sem tekur glerflösku og grýtir henni í götuna eins fast og hann getur? Ekki gleði að minnsta kosti.

Miklu fremur harm

Þessi tryllingur fólks sem á að heita komið til vits og ára – er að minnsta kosti fermt flest allt – bendir til einhverrar stórkostlegrar óhamingju íslensks æskufólks, einhverrar himinhrópandi vansældar, einhverrar stórkostlegrar brotalamar í sálarlífinu. Allt hlýtur að vera á tjá og tundri í heilabúi manns sem stundar glerbrot til að tjá sinn innri mann.

Nú skyldi maður ætla að öll þessi glerbrot, allt þetta baul um nætur og allt þetta pissu-ráf inn í garða og dyragættir annars fólks – öll þessi viðurstyggð í framgöngu þessa volaða lýðs – yrði vísustu mönnum þjóðarinnar tilefni til að fjalla um orsakir svo raunalegrar hegðunar þegar fólk er að gera sér glataðan dag. Þetta er tilvalið ástand fyrir sálfræðinga og presta, skáld og stjórnmálamenn og annað sálgæslufólk og allar þessar skrafskjóður til að velta fyrir sér hvað hafi eiginlega farið úrskeiðis í uppeldi fólks sem svona hagar sér...

Rætt hefur verið fram og aftur um það hvort téður vínkælir kunni að eiga sök á uppivöðslusemi róna í miðbænum – og er þá væntanlega hugmyndin sú að kældur bjór geri rónana illskeyttari en til dæmis kardímommudropar eða Pierre Roberts í appelsíni.

Var það aldrei látið taka til í herberginu sínu – eða var aginn of mikill? Fékk það of mikið dót í bernsku, drakk það of mikið kók og úðaði það í sig of miklu nammi og of litlu af lýsi? Hlustaði það yfir sig á Eminem og aðra slíka orðadólga eða fékk það ekki nóg af bófarappi í uppeldinu? Ætti að senda unga glerbrjóta á sjóinn til að þeir finni kröftum sínum verðugt viðnám – eða á að senda þá á heimspekinámskeið í Ölfusborgum svo þeir læri að virða mannhelgi og húshelgi annarra?

Með öðrum orðum: hvað gengur á? Hvað veldur? Hvað ber að gera? Ekki hefur maður mikið orðið var við slíkar vangaveltur. Hins vegar hefur þeim mun meira verið rætt um vínkæli í Ríkinu í Austurstræti og útiveru reykingafólks.

Rætt hefur verið fram og aftur um það hvort téður vínkælir kunni að eiga sök á uppivöðslusemi róna í miðbænum – og er þá væntanlega hugmyndin sú að kældur bjór geri rónana illskeyttari en til dæmis kardímommudropar eða Pierre Roberts í appelsíni eins og mig minnir að hafi þótt býsna góður drykkur hjá þeirri stétt manna hér á árunum áður. En óneitanlega hljóta drykkjusvolarnir að hafa breyst nokkuð frá því í gamla daga ef kæling á bjór er helsti hvatinn að drykkju þeirra – eða er það hald manna að rónarnir sleppi því að fá sér drykk sé hann ekki almennilega kældur?

Og auk þess eru það ekki rónarnir sem mest eru til vandræða í ölæðinu – það eru millistéttarkrakkarnir.

Að því gefnu að það séu ekki komin einhver efni í sígaretturnar sem ekki voru þar áður – þó þeir væru svo sem vísir til að blanda einhverjum skratta í þær ódámarnir sem framleiða þær – þá hlýtur að teljast vafamál að sígarettureykingar á götum úti séu helsta orsök vandalisma ungmenna í miðbæ Reykjavíkur.

Vissulega er til fólks sem haldið er þeim sjúkdómi að geta ekki haft stjórn á drykkju sinni – en ofstopafólkið sem fer eins og innrásarher um miðbæ Reykjavíkur um hverja helgi – eða gerir aðsúg að lögreglu fyrir utan Stuðmannaball á Seltjarnarnesinu – á sér engar slíkar málsbætur eða skýringar. Þetta er augljóslega þjóðfélagslegt mein sem á sér rætur í almennum lífsháttum hér á landi.

Menningararfur í húsum

UMRÆÐAN
Borgarskipulag

GUÐJÓN FRIÐRIKSSON

Þéttbýli byrjaði að myndast í Reykjavík upp úr 1750. Frá 18. öld eigum við eftir tvö hús (Stjórnarráðið og Aðalstræti 10) og 2-5 önnur sem eru að stofni til frá þeirri öld en var gerbreytt síðar. Frá allri 19. öld eigum við enn fáeina tugi húsa, líklegast á bilinu 50-70. Frá 20. öld eigum við tugþúsundir húsa. Hvers vegna í ósköpunum þurfum við að halda áfram að rífa þessi fáu hús sem við eigum frá fyrstu 150 árunum í sögu höfuðborgarinnar?

Í raun og veru ættum við að umgangast hvert hús sem enn stendur frá þeim tíma sem sérstakan fjársjóð. Ekki vegna þess að þau séu eitthvað merkilegri en önnur hús heldur vegna þess að þau eru gömul og stuðla að því að varðveita gott samhengi í sögu Reykjavíkur.

Að sönnu eru sum þeirra illa farin, svo sem húsin Laugavegur 4 og 6, en þá er að gera þau upp svo að þau verði boðleg nútímanum. Hús eru mikilvægur hluti af menningararfi þjóðarinnar. Okkur þykir vænt um á að geta séð gamalt amboð á Þjóðminjasafninu sem er ekkert merkilegt í sjálfu sér og hefur kannski verið í slæmu ásigkomulagi þegar það kom á safnið. En við viljum varðveita það sem hluta af menningararfi okkar og því hefur verið hlúð að því. Húsin hafa það líka fram yfir muni á söfnum að auðvelt er að nýta þau í nútímanum. Vel upp gerð gömul hús sem hluti af nýju hóteli á mótum Skólavörðustígs og Laugavegar mundu gefa því sérstakan þokka, rétt eins og raunin hefur orðið með Hótel Reykjavík Centrum í Aðalstræti.

Bestu dæmin um uppbyggingu í miðbæ Reykjavíkur síðustu áratugi eru tengd því að gömul hús hafa verið nýtt í tengslum við nýbyggingar. Verstu dæmin eru tengd því að kúlan hefur verið sett á gömul hús og byggðir forljótir steinkumbaldar í staðinn, oft í engu samræmi við umhverfið. Er nú jafnvel áætlað að brjóta niður stórhýsi við Lækjartorg frá um 1980 vegna þess hve ljótt það er og illa staðsett. Betur hefðu gömlu timburhúsin (Hótel Hekla og Hafnarstræti 22) fengið að standa áfram. Er ekki mál að linni?

Höfundur er stjórnarmaður í Torfusamtökunum.

ÞÚ GRÆÐIR EKKERT
Á AÐ VERSLA ANNARS STAÐAR

Nokia 6300
MP3 spilari, EDGE
Tekur allt að 2 GB í minniskorti
FM útvarp, USB tengi
Íslensk valmynd, Bluetooth
Diktafónn, skipuleggjari
Hægt að velja um textastærð
Stór skjár með 16 milljón litum
og svo margt fleira...

Almennt verð: 29.990 kr.
Farsímalagersverð: 23.990 kr.
Sparaðu 6.000 kr.

Farsímalagerinn.is

Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri Matís, segir af og frá að nota ofninn dýra til að hita hádegismatinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Poppað í þágu vísindanna

Flest heimili á landinu eru með örbylgjuofn en fáir geta þó státað af aukabúnaði úr kristal eins og Matís.

„Örbylgjuofninn okkar er í raun ósköp venjulegur örbylgjuofn. Það er bara aukabúnaðurinn sem gerir hann frábrugðinn þessum sem flestir eru með í eldhúsinu sínu," segir Gísli Þorsteinsson, markaðsstjóri Matís, Matvælarannsókna Íslands.

Ofninn er tengdur hitanemum úr kristal og stýribúnaði sem stungið er á víð og dreif í matvælin sem er verið að kanna. Þannig er ástand og varmaflæði matvæla á borð við fisk og kjöt mælt og borið saman við aðrar eldunaraðferðir að sögn Gísla.

Matís notar ýmiss konar búnað annan en örbylgjuofninn til rannsókna- og þróunarverkefna og Gísli nefnir meðal annars ansi sérstakan ísskáp. „Við erum með risavaxinn kælihermi sem meðal annars er notaður til þess að kanna þol vörunnar áður en hún fer á markað," segir Gísli.

Búnaðurinn sem fylgir örbylgjuofninum er sá eini sinnar tegundar á landinu og kemur upprunalega frá Kanada. „Það má segja að þetta sé dýrasti örbylgjuofninn á Íslandi þegar aukabúnaðurinn er talinn með enda kostar hann um tvær milljónir króna," segir Gísli.

Vísindamenn Matís og nemar í matvælafræðum við Háskóla Íslands eru þeir sem helst nota búnaðinn en Gísli þvertekur fyrir það að starfsmenn eldi hádegismat í ofninum eða poppi fyrir helgina. „Ofninn hefur aldrei verið notaður í öðru skyni en til rannsókna, enda er það stranglega bannað. Þó er aldrei að vita nema við myndum standa fyrir nemendaverkefni þar sem við poppum í þágu vísindanna," segir Gísli hlæjandi.

rh@frettabladid.is

Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla

FOTOVAL
Myndavéla-viðgerðir
Skipholti 50B
Sími 553 9200
www.fotoval.is • mail:fotoval@fotoval.is

Þannig er mál með vexti ...

... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ AÐEINS 3,2%
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 24.7.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á www.frjalsi.is eða hafðu samband í síma 540 5000.

SAMANBURÐUR Á LÁNUM	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	3,9% *	4,9% *	5,95%
GREIÐSLUBYRÐI****	64.700	106.600	109.500

* M.v. 1. mánaða Libor vexti 24.07.2007. ** 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.
*** Vextir á erlendri myntkörfu ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,2% til 4,3% m.v. myntkörfu 4.
**** Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkörfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

Ókeypis Mac Book er í boði fyrir einn heppinn vinningshafa happdrættis sem Apple-umboðið á Íslandi stendur fyrir. Aðeins þarf að fara á heimasíðu umboðsins og skrá sig á póstlista umboðsins fyrir 10. september.

Þýskar álkerrur
fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.
N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

Hvað skal gera við úreltu tölvuna?

Sony-tækin send í endurvinnslu

Bandaríkjamenn geta nú látið endurvinna gömul tæki frá Sony.

Sony áætlar að bjóða Bandaríkjamönnum upp á endurvinnslu á vörum frá fyrirtækinu. Þetta gæti orðið til nokkurrar hugarfarsbreytingar hjá fyrirtækjum í rafeindaiðnaði um hvernig hugað er að rusli.

Viðskiptavinir geta farið með sjónvörp, hljómtæki, fartölvur og hvaðeina í „Waste Management“ sem er nokkurs konar Sorpa Bandaríkjamanna. Frá og með 15. september tekur fyrirtækið við vörum frá Sony án endurgjalds.

Einnig er í burðarliðnum að koma á nokkurs konar póstkerfi fyrir þá sem vilja senda hlutina í endurvinnslu.

Þetta er einstakt framtak í Bandaríkjunum en Sony og fleiri fyrirtæki hafa haldið því fram að endurvinnsla rafeindabúnaðar væri of erfið og kostnaðarsöm. Til að mynda kostar allt að 60 dollara að taka í sundur og endurvinna gamalt sjónvarpstæki.

Svo er eftir að sjá hversu miklu þetta framtak skilar, það er hversu margir endurunnir hlutir fara í ný tæki og hve mikið verður urðað.

Umhverfisvænt batterí

RAFHLAÐA KNÚIN SYKRI.

Japanska fyrirtækið Sony hefur þróað umhverfisvænt batterí sem knúið er sykri og myndar nógu mikla orku til að knýja spilara og tvo hátalara.
Umbúðir rafhlöðunnar eru búnar til úr plasti upprunnu úr gróðurríkinu og er batteríið um 3,9 cm að lengd. Sykurlausn er í batteríinu sem er brotin niður af ensímum og myndar þannig orku. Stefna Sony er að framleiða rafhlöðuna fyrir almennan markað en þó er ekki ljóst hvenær það verður.

Xbox ofhitnar

VANDRÆÐI MEÐ ÞRÁÐLAUST STÝRI.

Vandræðunum með leikjatölvuna xbox 360 er ekki lokið. Nú er unnið að því að skipta út þráðlausu kappaksturssstýrinu eftir að um fimmtíu tilvik hafa komið upp þar sem stýrin hafa ofhitnað og reyk lagt úr þeim.
Stýrin líkja eftir raunverulegum stýrum í kappakstursbíl í leikjum á borð við Forza Motorsport 2. Um 230 þúsund slík hafa verið seld um allan heim.
Vandamálin við ofhitnun hafa þó aðeins komið upp þegar stýrinu er stungið í samband en ekki ef notaðar eru rafhlöður.
Sala xbox-leikjatölvunnar hefur ekki gengið sem skyldi og hefur keppinauturinn Nintendo skotið henni ref fyrir rass.
Þrátt fyrir þessa bilun í búnaði hefur ekki verið tilkynnt um neitt eignatjón vegna elds.

Playstation tekur upp úr sjónvarpi

Evrópskir notendur Playstation 3 (PS3) geta senn tekið upp og endurspilað stafrænt sjónvarpsefni í tækjum sínum.

Sony hefur svipt hulunni af sjónvarpstæki sem hægt verður að tengja beint við PS3 og nota eins og vídeóupptökutæki. Tækið sem kallast PlayTV kemur á markaðíársbyrjun 2008. Hægt verður að taka inn efni í gegnum þráðlausa internettengingu eða USB-tengi, og segir Sony að PlayTV muni auka til muna skemmtanagildi PS3. Verð fyrir PlayTV er enn á huldu, en PS3- og PSP-notendur verða einnig færir um að senda skilaboð og nota leikjaspjall við aðra með hinum nýja búnaði.

Bylting í grafískum reiknum

Texas Instruments er heiti reiknivéla sem þykja einkar góðar við útreikninga í verkfræði- og tæknigreinum. Íslenska umboðið heitir Tangens og þar varð Gunnþór Jónsson fyrir svörum.

„Það vill svo til að við vorum að fá glænýja vél TI-N'Spire sem er í raun bylting í grafískum reiknivélum," segir Akureyringurinn Gunnþór þegar hringt er í hann og bendir lesendum á vefsíðuna tiinspire.com sem sýnir myndrænt það sem vélarnar geta gert.

„Búnaðurinn verður æ fullkomnari og nýju vélarnar eru bæði með meira vinnsluminni og geymsluminni en þær eldri. Þannig er hægt geyma útreikninga á þeim eins og á tölvu," segir Gunnþór og heldur áfram: „Stýrikerfið stefnir í átt að Windows-stýrikerfinu og það er kominn hnappur í miðjuna sem er hægt að nota sem mús."

Gunnþór segir Texas Instruments bandarískt merki sem þekkt sé um allan heim, nema þá helst hér á landi. „Félagi minn Sigurður Markússon var að læra verkfræði í Tækniskólanum á sínum tíma og þar var honum bent á að kaupa sér svona vél af gerðinni T89. Hann fann hana hvergi og komst þá að því að umboðið hér á landi var að hætta. Við tókum því við henni árið 2003 og höfum verið að byggja upp fyrirtækið okkar síðan með vinnu og skóla. Það er með vefsíðuna www.reiknivélar.is"

Þeir félagar í Tangens hafa haldið námskeið í notkun T89 vélanna sem hingað til hafa selst mest og nú eru námskeið í TI-N'Spire fram undan. „Það borgar sig að læra strax á vélarnar. Þetta eru dýr tæki og þau geta auðveldað námið svo mikið ef fólk kann á þær. Við erum líka með íslenskar leiðbeiningar við þær því við viljum hafa stuðninginn við nemendur góðan."

Að sögn Gunnþórs fást Texas Instruments í Odda skrifstofuvörum, Bóksölu Tækniskólans og HR, nemendasjoppu HÍ og Bóksölu stúdenta.

gun@frettabladid.is



Hin nýja TI-N'Spire reiknivél markar tímamót við tækni-og verkfræðiútreikninga.

Milljónir manna skrá lítil skilaboð um gjörðir sínar inn á Twitter.com á hverri sekúndu. Þaðan fara skilaboðin í farsíma vina þeirra sem vilja fylgjast með þeim.

Hvað ertu að gera?

Á twitter.com gefur fólk upplýsingar um hvað það er að gera hverju sinni.

Hvað ertu að gera? spyrja menn gjarnan þegar þeir hringjast á. Vefsíðan Twitter bætir um betur og sér til þess að engin þörf sé á símtalinu því svarið liggur á síðunni. Ég stend í röðinni á Te & Kaffi og bíð eftir latte. Er föst í umferðinni á Miklubraut. Síðasta vinnudeginum er alveg að ljúka – júhú! og öðrum setningum í þessum dúr er dælt inn á hverri sekúndu á vefsíðuna Twitter.com. Þar skráir fólk sig inn og gefst tækifæri á að senda inn lítil skilaboð á síðuna í gegnum vefinn eða farsímann sinn til að láta vita hvað það eru að gera hverju sinni. Hver notandi getur svo átt sína fylgismenn sem fá skilaboð í símann sinn þegar ný skilaboð berast frá þessum tiltekna aðila. Engum er skylt að svara skilaboðunum og eru þau ekki mikið lengri en venjuleg SMS-skilaboð.

Mörgum gæti þótt þetta alger tímasóun og enn ein viðbótin við allt ruslið sem safnast upp á netinu. Svo virðist hins vegar sem netnotendur taki þessari síðu fagnandi og á einni bloggsíðu segir Twitter-notandi þetta bestu leiðina til að koma skilaboðum áleiðis manna á milli og mun einfaldara og þægilegra í notkun en tölvupóst. Á annari bloggsíðu talar einn Twitter-notandi um þetta sem þægilega leið til að fá innsýn í líf vina sinna. Næst þegar hann hitti þá hafi hann jafnvel um eitthvað skemmtilegt að tala því hann viti hvað þeir voru að gera alla vikuna og honum finnist hann átta sig betur á þeirra daglega lífi og áhugamálum.

Hver svo sem skoðun manna er á vefsíðunni Twitter.com er hún einn einn vitnisburðurinn um að fólk er viljugt að láta í té persónulegar upplýsingar um sig, óháð því hver skoðar þær.

Hver sem er getur skráð sig sem notanda á twitter.com sér að kostnaðarlausu og engu skiptir hvar hann er í heiminum.

kristineva@frettabladid.is

Tölvur fyrir alla

Tölvunámskeið fyrir byrjendur hjá Mími-símenntun henta vel fyrir þá sem ekkert vita um tölvur.

Ekki finnst öllum jafn auðvelt að fylgja tækninni og á meðan sumum finnst þeir ekki vera í neinu sambandi við umheiminn nema þeir séu með tölvuna í fanginu allan daginn finnst öðrum það meira en að segja það að finna út hvernig á að kveikja á tölvunni.

Tölvunámskeiðum fyrir byrjendur hjá Mími-símenntun eru hugsuð fyrir þá sem hafa aldrei notað tölvur og kunna ekki neitt á þær. Á námskeiðunum er farið í grunnatriði eins og að fara á netið, taka á móti tölvupósti og nota Word. Byrjendanámskeiðin eru fyrir fólk á öllum aldri og eru haldin á kvöldin. Einnig er boðið upp á sérstök tölvunámskeið fyrir eldri borgara sem eru haldin á daginn og hafa verið vel sótt. Í flestum tilvikum getur fólk notað tölvuna sína sem samskiptatæki eftir svona námskeið og fyrir sumum opnast alveg nýr heimur.

- eö

Eldri borgarar geta farið á sérstök tölvunámskeið hjá Mími-símenntun.

Hinn venjulegi Breti eyðir nú vikulega 50 klukkustundum í símanum, á internetinu, í sjónvarpsgláp og útvarpshlustun.

Digital Bretland

Sjónvarp, útvarp og jafnvel DVD-diskar víkja hratt fyrir nýrri tækniafþreyingu.

Ný bresk rannsókn sýnir að internetið, farsímar og MP3-spilarar hafa gjörbylt því hvernig Bretar eyða frítíma sínum. Eldri afþreyingarmöguleikar, eins og sjónvarp, útvarp og jafnvel DVD-diskar víkja hratt fyrir nýrri tækniafþreyingu. Í rannsókninni kom fram að konur eru virkari internetnotendur en karlar, og að eldri internetnotendur eyði meiri tíma „online" en nokkur annar þjóðfélagshópur.

Hinn venjulegi Breti eyðir nú vikulega 50 klukkustundum í símanum, á internetinu, í sjónvarpsgláp og útvarpshlustun. Dagleg farsímanotkun hefur aukist um 158% síðar 2002 og eyðir ungt fólk nú jafn miklum tíma í farsímum sínum og þeir gerðu áður í tölvuleikjum.

Sýndarbrúðkaup

PAR LÆTUR GEFA SIG SAMAN Í GEGNUM TÖLVU

Brátt mun fyrsta sýndarbrúðkaupið eiga sér stað í Los Angeles. Par sem er miklir aðdáendur tölvuleiksins EverQuest II ætlar að láta gefa sig saman bæði í raunveruleikanum og í sýndarveruleika. Þau munu hafa tölvu meðferðis upp að altarinu og segja heitin við prestinn um leið og persónur tölvuleiksins gera slíkt hið sama. Tilvonandi hjónin segja ekki fullnægjandi að skiptast á heitunum sín á milli heldur verði tölvupersónurnar að vera með í athöfninni.

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–18
UM HELGAR 11–16

BÍLAR & FARARTÆKI

Ducati Monster 600 1997 Fallegt hjól skoðað 08 Ásett verð 690 þús. tilboð 390 100% lán mögulegt visa euro Bílabankinn 588 0700 Breiðhöfða 11

Bílabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
www.bilabankinn.is

BMW X5 4,8I Árgerð 2007. Ekinn 8 þ.km. Verð kr. 9.200.000. Með öllu!

Bílasalan Bílfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is

Volvo 850 GLE, árg 1994 ek aðeins 112 þ.km, ssk, Verð kr 490.000

Lykilbílar ehf
Smiðjuvöllum 7, 300 Akranes
Sími: 445 7700
www.bilasolur.is/lykilbilar

MAZDA RX-8 HI-OUTPUT, árg. 1/2006, ek. 27 þ. km, 6 gíra, leður, Verð 3.390.þ áhv 2.750 þ. Nánari uppl á www.arnarbílar.is rn: 110473 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

Nýr Mazda Cx-7 2.3L. Turbo 244 hp., framúrskarandi hönnun á sportjeppa frá Mazda. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr Mazda CX-9 3.5L. V6 263 hp., 7 manna lúxus sportjeppi. Komdu í reynsluakstur í dag.

Nýr 2008 Mazda Tribute nýtt og breytt útlit með meiri staðalb. en áður. Komdu í reynsluakstur í dag.

X4 ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 565 2500
www.x4.is

Bílar til sölu

Toyota Camry HYBRID 5,9L/100km Nýr frá 2600þús til leigubílstj., almennt v.3325þús. Highlander á Lexus RX400 grunni. 268 hö. 7,5L/100km! 2006 frá 3.790þús. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

2007 Dodge Caliber frá 1995þús, 7,4L/100km (fæst sem 4x4), Dodge Caravan frá 2.490þús! Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

VW Golf Variant 2,0 4x4 árg. '05. Ek. 45 þús. Uppl. í s. 865 8444.

VW GOLF HIGHL. ARG.98 EK.143 sk.08 Verð.350þús eða hæstbjóðanda. Uppl. í s. 661 5425.

Til sölu Bens 420 SE árg. '91 Mjög gott eintak. Uppl. í s. 868 5550.

Kjarakaup/lækkað verð
Grand Cherokee limited árg. 2005, ek. 28 þús. km Staðgreiðsluverð 3.690.000 kr. og Grand Cherokee limited árg. 2006, ek. 38 þús. km. Staðgreiðsluverð 3.990.000 kr.Tveir með öllu, toppeintök og klárir í ferðalagið. Uppl. í símum 693 5151 og 694 7720

100% Lán
CITROEN XSARA PICASSO 2,0 EXCLUSIVE. Árg. '02/05. Ek. 46 þ. Sk. '08. Abs. Sjálfskiptur. S. 897 2425.

Auðveld kaup
PEUGEOT 406 S/D, Árg. 05/'04. Ek. 90 þ. Sk. '09. Abs, krókur, sjálfskiptur. Fæst á yfirtöku.S. 661 8185.

Tilboð 4.290 þ. stgr !!
Ford Explorer Limited, árg. '06. Ek. 25 þ. 6 manna, einn með öllu. Ásett 4.790 þ. S. 661 8185.

Toyota Avensis árg.1999 ek.135þ. 5g. ný sk. ásett verð 590þ.uppl. í s. 6648363

Tilboð óskast í Renault Master 17 sæta rúta árg.'01. með ónýta vél, að öðruleiti í toppstandi. S. 898 5142.

Til sölu Mustang GT 2003. Ek. 75þ míl. V. 2.590 þús. Uppl. í s. 892 2905.

Dodge Stratus árg. 97 2.4 ek. 102 þ. Flottur í skólann. Verð 230 þ. Uppl. í s. 897 0018.

Volvo 850 árg. '95. Ek. 168þ. 2.0L, ABS, ASR-spólv., geislasp., rafm.rúð., samlæs., álfelgur, sjálfsk., hraðastillir, innb. barnasæti. Sk.'08 án athugas. V. 450þ. S. 663 3600

0-250 þús.

Hyundai Accent GS 95' sk. 08. Ek. 90þ. sjálfskipt. Topp standi! 150 stgr. s. 6621829

VW Vento '97 sjálfsk, vetradekk , sk. 08. Fínn bíll. MP3 spilari og fjarstart, fjarst. saml. Verð 200 þ. S. 6699711

Suzuki swift árg. '94. Ný s/v dekk. Nýtt í bremsum. 70þús. Uppl. í s. 861 6642.

2 milljónir +

Honda Acord Sport 2.0 ár 5/05 áb til 05/08 dökk grár , ssk. ek.35þ. v/s dekk. spoiler, filmur, fjarstart, smurbók. v. 2.230.000. Uppl. í s. 661 7216.

Bílar óskast

Óska eftir Bronco '66-'77 helst gangfæran og skráðan en er til í að skoða allt 663-7276

Jeppar

Til sölu Ford F-150 Lariat 5,4. Árg. 07/'04. Ekinn 58 þús. Pallhús, leður, dráttk. Verð 3.150 þús. Uppl. í s. 894 6622.

Landcruiser 120 2007 til sölu, LX, nýr ókeyrður sjálfskiptur, 35" breyting, filmur, verð 5,820þ uppl í s 894-4144, 697 7777 og 693 9925

LC 100 Árg. 2006/03. 29000 km. 33" breyttur með Navi og fleiru. Reyklaus bíll sem nýr. Verð 7.7 mill. Engin skipti. Sími 5672249

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

Pallbílar

2006-2007 Jeep Grand Cherokee frá 2,590, Ford Explorer frá 2.690, Dodge Durango frá 2.690, Toyota Tacoma frá 1.990, Ford F150 frá 1.790, Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Ford F150 frá 1.750þús! Toyota Tacoma frá 1990þús. Ford 350/Dodge RAM 3500 4x4 dísel án hraðatakmarkara. Nýir/Nýlegir bílar frá USA/Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. 30 ára traust fyrirtæki. Sími 552 2000 - www.islandus.com

Sendibílar

MMC Bens 817 1993 ek. 405þ sk.08 upptekinn vél góður kassi með kæli og lyftu bíll í topplægi lítur vel út upp.8973150

Hópferðabílar

Til sölu Toyota Coaster 20 manna árg. '88. mjög gott boddý og bíllinn allur í fínu standi. Nýskoðaður. S. 5667 420 og 892 3102.

Til sölu M.Benz Turismo 49 farþ. árg '99, ekinn 346 þ, öryggisbelti, Klósett, kaffivel, Dvd, Sjónvarp, uppl. www.allrahanda.is, bílar til sölu og í síma 660 1305 & 660 1303

M Benz 815 árg.'01. Ek. 128 þús. 22 sæti. Uppl. í s. 544 8866 & 894 5056.

Vörubílar

Til sölu Nissan bílaflutingabíll árg. '96, 7 manna. S. 866 6684.

MAN 8150 Gámabíll árg. '93 uppl. s. 866 6684.

Mótorhjól

Útsala útsala útsala
Vespur til sölu meðan birgðir endast og ótrúlegt verð aðeins 99.900 og krakkahjólin 90 cc nú aðeins 79.900 þús. 6 hjól eftir. Eigum svo eftir 4 stk. 200 cc enduro hjól á frábæru verði aðeins 159 900 og þau seljast fljótt Uppl. í s. 895 7272 & www.endurohjol.com

Honda crf 250r '07 ek. 10 tíma! v. 680 þúsund. uppl. í s. 858-7454. Helgi!

Kerrur

Kerruútsala
Lokadagar útsölunnar: Brenderup 2205 S. Innanm. 203 x 128 x 40 cm. Burðarg. 525 kg. Dekk: 13" Listaverð: 160.000. TILBOÐSVERÐ: 145.000. Aukahlutir innifaldir í verði! Lyfta.is Njarðarbraut 3, Reykjanesbæ, 421 4037, www.lyfta.is

Hjólhýsi

Til leigu hjólhýsi. Með sólarsellu og fortjöldum. Einnig til sölu 2ja ára hús. Verð frá 1380 þús. S. 659 2452 Samsel. btnet.is/hjolhysaleigan

Valsað ál fyrir þök og veggi

Fegurð, mýkt, ending

Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál

ÁLTAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

bazooka!!

fasteignir

27. ÁGÚST 2007

Draumahús 530 1800

Föst lág söluþóknun

ERT ÞÚ Í SÖLUHUGLEIÐINGUM ?

Draumahús bjóða seljendum fasteigna fasta lága söluþóknun.
Skoðaðu kjörin okkar, hringmyndir og stórar ljósmyndir á:
www.draumahus.is eða hringdu í
síma 530 1800 og fáðu frekari upplýsingar.

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkinni 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is

FASTEIGNASALAN EIGNAKJÖR www.eignakjor.is 455 1400

Skipagötu 16 | Sími 455 1400 | www.eignakjor.is

Grenivík - frístundahús frábært tækifæri

Frum

Til sölu er eitt elsta hús á Grenivík. Húsið er hæð, ris og kjallari ásamt skúr. Húsið er samt. 79,3 fm. að stærð og skúrinn 25,3 fm. Húsið hefur allt verið endurnýjað á undanförnum árum og er ástand þess mjög gott. Það stendur við sjávarkaminn á Grenivík og er útsyni fráfært út Eyjafjörð, Hrísey o.fl. Húsið hentar mjög vel sem hverskonar frístundahús. Frábær aðstaða er til hverskonar útivistar, t.d. gönguleiðir á Kaldbak, golfvollur, smábátahöfn. o.fl.

Uppl. Hjá Eignakjöri ehf. Akureyri símí 455 1400

Arnar Sigfússon, Lögg fasteignasali, hdl.

Íbúðirnar eru tveggja til fimm herbergja en lóðin skilast fullbúin.

Nýjar íbúðir í góðu hverfi

Tveggja til fimm herbergja íbúðir til sölu í nýju sex hæða lyftuhúsi í Kórahverfi.

Ódýrustu geymslu m2 á markaðnum í nýstandsettu húsnæði Á Eyrarbakka 250 m2 á 495 m2, og 1.500 m2 á 465 m2 Sími: 661 6800.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Nýstandsett hús á Eyrarbakka Stór hjólh .+húsb: 11.950 p.mán Lítil hjólh.+húsb: 9.875 p.mán Fellih: 6.875 p.mán. í 8 mánuði VISA/EURO S. 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Bakaríið hjá Jóa Fel

Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar, hentar vel skólafólki.
Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum Kleppsvegi. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 eða Smáralind.

Kaffihús, Bakarí

Bakarameistarinn Mjódd, Smáratorgi, Suðurveri, Austurveri, Glæsibæ & Húsgagnahöll óska eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 & 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19. Einnig laus helgarstörf. Góð laun í boði.
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00. Einnig umsókareyðublöð á www.bakarameistarinn.is

Sjávarkjallarinn

Vegna mikill anna framundan óskum við eftir fólki í fullt starf og einnig í kvöld og helgarvinnu. Reynsla kostur en ekki skilyrði.
Upplýsingar gefur Hrefna í síma 511 1212 & 694 3854.

Veitingahúsið Nings Stórhöfða & Hlíðarsmára

Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Einnig óskum við eftir manneskju í fullt starf, unnið er 15 vaktir í mánuði og fólk í kvöld og helgarvinnu. Góð vinna með skóla.
Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is

serrano

Serrano Hringbraut og Kringla - Afgreiðsla

Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á veitingastaði Serrano í Kringlunni og á Hringbraut. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170-180.000 kr. Einnig er hægt að sækja um hlutastörf í kvöld- og helgarvinnu á sama stað.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á einar@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577.

Atvinna Atvinna

Rúmfatalagerinn Skeifunni óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu virka daga.
Um 50 - 100% vinnu er að ræða.
Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8003.
Rúmfatalagerinn Skeifunni 13

Atvinna Atvinna

Rúmfatalagerinn Smáratorgi óskar eftir að ráða duglegt fólk í afgreiðslu á kassa
Allar nánari upplýsingar eru veittar á staðnum eða hjá verslunarstjóra í síma 820-8004.
Rúmfatalagerinn Smáratorgi

Bakarí Garðarbær

Kökubankinn vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir. Einnig laus störf um helgar hentar vel skólafólki.
Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.

Bettís Kópavogi

Starfskfraftur ekki yngri en 20 ára óskast í bakarí. Vinnutími 6:30-13:00 13:00-18:30 og aðra hvora helgi. Um framtíðarstarf er að ræða. Góð íslenskukunnátta nauðsynleg.
Upplýsingar í síma 899 8212.

MOSFELLS BAKAR

Mosfellsbakarí

Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu í eftirtalin störf. Frá 06.30 - 14.00 virka daga, og einn dag aðra hverja helgi. Einnig eftir hádegi frá 12:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.
Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

MOSFELLS BAKAR

Mosfellsbakarí

Mosfellsbakarí á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu. Ýmsar vaktir í boði. Einnig vantar helgarstarfsfólk.
Nánari upplýsingar veitir Ellisif í s. 660 2153 eða á staðnum.

Nýr og glæsilegur skemmtistaður

Nýr og glæsilegur skemmtistaður óskar eftir starfsfólki í allar stöður.
Áhugasamir hafi samband við Rakel í s. 617 8610 & rakel@rubin.is

SNÆLAND VIDEO

Ert þú í leit að góðri vinnu og góðum félagsskap? Við hjá Snæland videó óskum eftir áhugasömu fólki í dagvinnu/fullt starf og aukastarf með skóla. Hafðu samband við okkur í s. 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

Eldhús

Óskum eftir að ráða aðstoðarfólk í eldhús á veitingastað í Hafnarfirði, bæði í fullt starf og í hlutastarf á kvöldin um helgar.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á einar@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Einar Örn í síma 896-9577.

Bettís Kópavogi

Starfskfraftur ekki yngri en 18 ára óskast eitt kvöld í viku og aðra hvora helgi.
Upplýsingar í síma 899 8212.

Bakaríið Hagamel 67

Óskar eftir að ráða hresst og duglegt starfsfólk til afgreiðslustarfa. Um er að ræða vaktavinnu, 75-100%. Vinnutími eftir frekara samkomulagi.
Ekki yngri en 16 ára.
Nánari uppl. veita Anna Rósa í s. 869 3320 og Gunnar í s. 897 8101.

Góður vinnutími-Verksmiðjustarf

Óskum eftir að ráða fólk til hefðbundinna verksmiðjustarfa í verksmiðju okkar. Góð vinnuaðstaða, góður vinnutími (8-16) og laun sem taka mið af samningum og starfsreynslu. Við erum framsækið fyrirtæki í örum vexti með fjölbreytta starfssemi og getum boðið möguleika á framtíðarstarfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Hafir þú áhuga sendu þá tölvupóst með upplýsingum um fyrri störf á póstfangið verksmidja2@katla.is

Tískuvöruverslunin Mambó óskar eftir starfsmönnum í framtíðarstarf

Óskum eftir traustum og duglegum starfskrafti í heilsdagsstarf, hálfdagsstarf og hlutastörf á aldrinum 25-35 ára, í verslun okkar í Hafnarfirði. Áhugi á tísku og verslunarstörfum er skilyrði, ásamt því að vera tilbúin til að taka að sér ábyrgð í verslunninni. Skemmtilegir möguleikar fyrir réttu manneskjuna.
Upplýsingar gefur Hafdís í síma 660 1153.

ATVINNA

Kranamaður óskast á bílkrana

Reynsla æskileg en ekki skilyrði. Upplýsingar í síma 892 7674.

G-5 KRANAAFGREIÐSLAN EHF.

G5 Kranaafgreiðslan ehf - Fiskislóð 79 - 101 RVK.

Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

Kraftafl ehf

Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.

Kraftafl ehf

Jói Fel leitar að duglegu fólki...

...í fullt starf, eða í hlutastarf virka daga og um helgar í Smáralind og á Kleppsvegi.

Vinsamlegast skilið inn umsóknum á **joifel@joifel.is**, eða hafið samband við Lindu í sima **863 7579**.

REIN

Viðarhöfða 1
s. 566-7878
rein@rein.is
www.rein.is

Vegna góðrar verkefna stöðu og aukinna afkasta leitar steinsmiðjan Rein að starfsfólki í eftirfarandi stöður:

Máltökur

Starfslýsing:
Máltaka fyrir borðplötur, sólbekki, og fl. úr náttúrusteini. Unnið er með nýjustu stafrænni tækni ásamt hefðbundnum aðferðum. Um er að ræða líkamlega auðvelt starf sem krefst agaðra vinnubragða og mikillar nákvæmni.

Hæfniskröfur:
Reynsla af lestri og/eða gerð teikninga, reynsla af hvers konar smíðavinnu er mikill kostur. Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og þekking á CAD umhverfi er kostur. Viðkomandi þarf að vera mjög nákvæmur og geta unnið sjálfstætt. Jákvætt viðhorf og góðir samskipta hæfileikar eru skilyrði. Bílpróf er nauðsynlegt.

Uppsetningar

Starfslýsing:
Uppsetningar á borðplötum, sólbekkjum, arinn klæðningum og fl. úr náttúrusteini á heimilum og vinnustöðum viðskiptavina. Allur frágangur og létt smíðavinna sem til fellur við uppsetningar. Starfið er líkamlega krefjandi og krefst útsjónasemi og áræðni.

Hæfniskröfur:
Líkamlegt hreysti, nákvæmni, fagleg vinnubrögð ásamt jákvæðu viðhorfi og góðum samskipta hæfileikum er nauðsynlegt. Reynsla af hvers konar smíða/handavinnu er kostur, bílpróf er nauðsynlegt.

Frágangur

Starfslýsing:
Undirbúningur og frágangur í kringum uppsetningar á borðplötum, sólbekkjum, og fl. úr náttúrsteini, spörtlun, þéttingar, festa vaska og helluborð o.s.f.v.

Hæfniskröfur:
Reynsla af sambærilegum störfum, nákvæmni, jákvætt viðhorf og góðir samskipta hæfileikar. Þetta er starf sem getur hentar þúsundþjalasmið á besta aldri.

Í boði eru framtíðarstörf fyrir öfluga starfsmenn í góðu starfsumhverfi, samkeppnishæf laun sem eru samkvæmt samkomulagi og taka mið af reynslu og getu viðkomandi umsækjanda .

Steinsmiðjan Rein er leiðandi í innflutningi, framleiðslu og uppsetningu á vörum úr náttúrusteini, stuðst er við nýjustu stafræna tækni ásamt áralangri reynslu í handverki á öllum stigum framleiðslu svo tryggja megi hámarks gæði á framleiðsluvörum okkar.

Loftorka Reykjavík
Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla.
Upplýsingar í síma 565 0875.

Frístundaheimili
Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.
Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfsfólki til afgreiðslustarfa í verslunum sínum. Helga gefur frekar upplýsingar í síma: 699-5423

Gröfumenn ehf.
Óskum eftir gröfumönnum, verkamönnum og bílstjórum. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á smaar@frett.is merktar „bók".

Óskum eftir starfsmönnum í hellulagnir, reynsla af hellulögnum kostur. Elvar s. 866 8125 Stéttafélagið ehf.

Vantar þig aukavinnu?
Okkur vantar gott fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22 Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ef þú ert 30+ þá ert þú rétta manneskjan fyrir okkur. Allar nánari upplýsingar í síma 699 0005.

Kranamaður óskast á 40 tonna bílkrana. Góð laun í boði, góður vinnutimi. upplýsingar í síma 6601701 Freyr og 6601704

Veitingahúsið Tveir Fiskar við Reykjavíkurhöfn er að leita eftir duglegu og snyrtilegu starfsfólki í sal og eldhús. Áhugasamir vinsamlega hringið í síma 897 5988. (Gissur)

Kaffihús Sandholt Laugavegi
Vanntar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 551 3524. Saga eða Ásgeir.

Starfsfólk óskast í fullt starf. Uppl. á staðnum, Kaffi Milano, Faxafen 11. S. 660 0260 jón 660 0266 Þórarinn.

Krydd og Kavíar
Óskar eftir starfsmanni í mötuneyti. Vinnutími er frá 10-14 virka daga. Sjálfstæð vinnubrög og áhugi á matargerð frekar æskileg. Hafðu samband við Garðar í s. 824 7731 eða á kryddog kaviar@kryddogkaviar.is

Blómaheildsalan
Blómaheildsalan Grænn Markaður ehf Óskar eftir að ráða hressan og hörkuduglegan starfsmann í afgreiðslu og nótuúskrift, reynsla af störfum með blóm æskileg en ekki skilyrði. Vinnutími 8.00 til 16.00 Umsóknir sendist á netfangið info@flora.is

Blikkhella ehf Hafnarfirði
óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum og aðstoðarmönnum. S. 897 4230, Þröstur.

Vantar starfskraft í skólamötuneyti í FB Breiðholti. Vinnutími frá 4-8. Uppl í s. 892 9814

Gólfþjónusta Íslands óskar eftir starfsmönnum í parketlagningu og aðra smíðavinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar hjá Erlendi í s. 8972225 eða Hlyni í síma 8632227.

Glæsilegar stelpur og hraustir strákar óskast í skemmtilega helgarvinnu. Uppl. í s. 894 4141.

Saumakonur óskast. Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 867 3460.

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?
Útvegum starfsfólk frá Pólandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888
FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.

35 ára stúlka óskar eftir að komast í vinnu frá með 1/9.
Er ýmsu vön td. verkstjórnun, afgreiðslustörf, gæslu og matseld o.fl. Vinn vel undir álagi. Er reyklaus, reglusöm og snyrtileg. Lámarkslaun 200 þús.
Áhugasamir hafið samband í síma 846 6163 Sigurmunda.

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, sudumenn, taekjamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Celebrity.is
Núna 17.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.

Matseld.is
Nýjar uppskriftir daglega á fallegum uppskriftavef.

Einkamál

TANTRA EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11 HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

18plús.is.
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Hringdu í síma 512 5060 ef blaðið berst ekki

Getz

Frá kr. 1.430.000

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrými
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði*

Hyundai hefur gæðin

Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.

Frá kr. 16.900 á mánuði*

- ✓ Flottur
- ✓ Hagstæður
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Öruggur
- ✓ Góð þjónusta

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánshlutfall af kr.1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

MÓÐIR THERESA FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1910.

„Ef þú getur ekki satt hungur hundrað manns, seddu þá hungur eins.“

Móðir Theresa, fædd Agnes Gonxha Bojaxhiu, var kaþólsk nunna og víðfrægur mannvinur. Hún lést 5. september árið 1997.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 27. ÁGÚST 1914

Skúli fógeti fórst í Norðursjó

Tundurdufl grandaði togaranum Skúla fógeta í Norðursjó þennan dag árið 1914. Fjórir úr áhöfninni fórust en þrettán komust lífs af. Skúli fógeti var eitt af nýjustu og bestu skipum íslenska fiskiskipaflotans og hafði verið meðal þeirra aflahæstu frá því hann kom til landsins 1911.

Skipið var nýlega lagt af stað heim frá Grimsby frá því að landa þar fullfermi af fiski þegar það rakst á tundurduflið. Gífurleg sprenging varð við stefnið, gat myndaðist og sjór tók að fossa inn. Sá hluti áhafnarinnar sem var við störf slasaðist ekki, nema stýrimaðurinn. Sex hásetar höfðu hins vegar verið sofandi frammi í lúkarnum og fórust fjórir þeirra en hinir tveir lokuðust inni um tíma, mikið slasaðir. Þeim var þó komið í björgunarbáta ásamt hinum ellefu sem komust af. Skipið sökk á tíu mínútum. Þannig hafði fyrri heimsstyrjöldin ekki staðið nema tæpan mánuð þegar hún hafði þessar afdrifaríku afleiðingar hér á landi.

TUNDURDUFL Þýsk herskip lögðu slíkum duflum víða við strendur Bretlands.

MERKISATBURÐIR

- **1883** Mikið eldgos hefst á eyjunni Krakatá í Indónesíu. 36 þúsund manns létust í kjölfar flóðbylgju sem myndast við gosið.
- **1912** Bókin um Tarzan konung apanna eftir Edgar Rice Burroughs kemur út í fyrsta sinn.
- **1946** Fyrsti billinn ekur yfir Siglufjarðarskarð. Vinna við veginn hafði staðið í ellefu ár.
- **1965** Bítlarnir verja kvöldi með rokkkónginum Elvis Presley og fer vel á með þeim.
- **1970** Flugsveitin Rauðu örvarnar sýnir listir sýnar í Reykjavík.
- **1994** Kvikmyndin Bíódagar eftir Friðrik Þór Friðriksson hlýtur norrænu Amanda-kvikmyndaverðlaunin.

Brúðarvals, línudans og salsa

Dansskóli Ragnars Sverrissonar er nýr skóli í dansmennt fyrir börn og fullorðna sem staðsettur er á Bíldshöfða 18 í Reykjavík. Meðal greina þar eru samkvæmisdansar, línudansar, brúðarvals, salsa og freestyle.

Til nýjunga teljast dansstímar fyrir börn allt niður í tveggja til þriggja ára. Foreldrar taka þátt í tímunum og það gerir þeim kleift að dansa við börnin heima í stofu bæði til gagns og gamans.

Fjögurra til fimm ára börnum er boðið upp á helstu barnadansa og einnig eru þeim kynnt fyrstu sporin í almennum samkvæmisdönsum. Áhersla er lögð á gleði og að fá tilfinningu fyrir því að hreyfa sig skipulega.

DANS Þessi hafa náð mikilli leikni í samkvæmisdönsum.

RÖÐ VIÐ STJÖRNUBÍÓ Spenntir kvikmyndaunnendur bíða hér eftir að kaupa miða á Morðsögu.

MORÐSAGA FRUMSÝND: FYRSTA LEIKNA MYNDIN Á ÍSLANDI Í FULLRI LENGD

Dogmakenndur jaðarkrimmi

Nú eru liðin þrjátíu ár frá frumsýningu Morðsögu, fyrstu leiknu kvikmyndarinnar sem framleidd var í fullri lengd hér á landi og sem slík þótti hún marka þáttaskil í sögu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Leikstjóri og framleiðandi myndarinnar Reynir Oddsson var nokkuð hispurslaus í efnistökum sínum en Morðsaga fjallaði um óhamingjuríkt fjölskyldulíf, misnotkun og fleira sem kennt hefur verið við raunsæi.

Þegar Ingibjörg Haraldsdóttir gagnrýndi myndina í Þjóðviljanum hafði hún á orði að persónurnar væru ósannfærandi en tæknivinnan í kringum myndina hefði tekist vel. Í framhaldi af því benti hún á að nú væri ekki lengur hægt að halda því fram að ekki væri hægt að gera kvikmyndir í fullri lengd á Íslandi því Reynir Oddsson hefði sannað hið gagnstæða með framtaki sínu.

Í dag myndi kvikmyndaáhugafólk einna helst líkja Morðsögu við stíl þann er kenndur er við Dogma. Atriðin virðast oft vera tekin upp þar sem hvorki hefur verið splæst í sérstaka lýsingu eða leikmynd og leikararnir koma þar inn eins og skrattinn úr sauðarleggnum með stífum og óeðlilegum sviðsleik fyrir myndavélina. Eftir sem áður er þetta nokkuð spennandi íslenskur krimmi og fyrirtaks költmynd í dag.

Ýmsir þjóðþekktir einstaklingar fara á kostum í myndinni og má þar meðal annars nefna Hörð Torfason sem spilar á gítar og reykir „jónur“ og Þóru Sigurþórsdóttur sem í dag er þekktari fyrir myndlist sína, en hún lék eitt þriggja aðalhlutverka í myndinni ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur og Steindóri Hjörleifssyni.

Nokkrum misserum eftir frumsýningu Morðsögu var eftirminnilegur sjónvarpsþáttur í Ríkissjónvarpinu þar sem þeir Indriði G. Þorsteinsson og Ágúst Guðmundsson komu þeirri skoðun á framfæri að meðal annars hefði framtak Reynis leitt í ljós að raunhæft væri að setja á laggirnar kvikmyndastofnun. Ingibjörg Haraldsdóttir benti á það sama í gagnrýni sinni og upp úr því urðu samverkandi þættir til þess að skömmu síðar leit Kvikmyndasjóður Íslands dagsins ljós.

margret@frettabladid.is

Fyrsti brunnurinn tilbúinn

Þróunarsamvinnustofnun Íslands stendur fyrir umfangsmiklu vatns- og hreinlætisverkefni í Afríkuríkinu Malaví. Nokkur tímamót urðu í starfinu á dögunum þegar lokið var við gerð fyrsta brunnsins. Brunnurinn verður notaður af fjörutíu fjölskyldum eða um 400 manns en alls er ætlunin að byggja 450 vatnsból á næstu fjórum árum á Monkey Bay-svæðinu. Þar af eru 300 handgrafnir brunnar og 100 borholur.

Nýi brunnurinn er í þorpinu Malembo en þar hefur verið talsvert um vatnstengda sjúkdóma, til dæmis kóleru. Gerð brunnsins tók um þrjár vikur en framkvæmdin var liður í þjálfun heimamanna í brunngerð. Þróunarsamvinnustofnun sér um að útvega vatnsdælu, sement og steypustyrktarjárn en heimamenn sjá um að afla alls annars efnis auk vinnunnar við brunninn.

Ætlunin er að hámarka þátttöku heimamanna við gerð vatnsbóla og rotþróa en auk þess fræða þá um hreinlætismál og rekstur og viðhald vatnsbóla.

Íbúar á Monkey Bay-svæðinu eru um 110 þúsund og er talið að um fjörutíu prósent íbúanna séu án salernis. Markmiðið er að lækka það hlutfall niður í fimm prósent, sem þýðir að koma þarf upp um 8.800 salernum á næstu árum.

BRUNNGERÐARMENN Hópur Malava sem sótti námskeið í brunngerð og fræðslu sem tengist vatnsbólum.

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, vinsemd og hlýhug við fráfall og útför okkar ástkæru

Hildar Sifjar Helgadóttur
Katrínarlind 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til Óskars læknis, Kristínar hjúkrunarfræðings og annarra umönnunaraðila, starfsfólks deildar 11E og allra þeirra sem sýndu henni stuðning, vinskap og velvilja í veikindum hennar, s.s. skólafélaga, vinnufélaga, ættingja og vina og einnig allra í félagsskapnum Krafti og Ljósinu.

Ásþór Sædal Birgisson
Þórður Helgi Friðjónsson
Helgi Björnsson **Kristín Guðmundsdóttir**
Björn Helgason
Helga Heiða Helgadóttir
og aðrir aðstandendur.

Ástkær bróðir minn,

Richard Talkowsky
sellóleikari, Klapparstíg 7, Reykjavík,

lést 5. ágúst síðastliðinn. Minningarathöfn verður haldin í Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 31. ágúst kl. 15.00.

Joan Talkowsky

ÁGÚST TILBOÐ

Frábær tilboð á tölvum og tölvubúnaði í ágúst

15.4" SANTA ROSA FARTÖLVAN FRÁ PACKARD BELL

Intel Core 2 Duo
Nýjasti og mjög öflugur Santa Rosa Core 2 Duo örgjörvinn frá Intel með enn meiri hraða!

DIAMOND VIEW
Einn besti ferðatölvuskjárinn í dag, ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 8ms hraða

256MB 8600GS
Nýjasta og öflugasta skjákortið í dag með 256MB sjálfstætt minni og 1.0GB Turbo Cache

TALNABORÐ
Packard Bell er eina 15,4" fartölvan á markaðinum með lyklaborð í fullri stærð með talnaborði

VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmöguleikar og fleiri nýjungar

300Mbps DRAFT-N
Nýjasti staðallinn í þráðlausu neti með 6x meiri hraða, 3x meiri drægni og áreiðanleika

- Intel Core 2 Duo T5450 1.66GHz 2MB örgörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View 8ms skjár
- 256MB GeForce 8600GS skjákort MEÐ HDMI
- 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
- 300Mbps þráðlaust net og BlueTooth 2.0
- 1.3MP hágæða vefmyndavél innbyggð
- Ótrúlega létt og nett aðeins 2.6KG
- Windows VISTA Home Premium

119.900 VE36 **4.650** VE LÁN Í 36 MÁNUÐI

VE - Upphæðin er mánaðargreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi innifólgu. Birt með fyrirvara um breytingar, villur og myndabrengl

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

Packard Bell

Packard Bell á Íslandi
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell er Tölvutek að bjóða upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.

Hágæða ferðatölvur
Packard Bell var stofnað 1926 og framleiddi þá útvörp fyrir almenning, nú rúmlega 80 árum síðar er Packard Bell þriðji stærsti söluaðili á tölvum til einstaklinga í Evrópu. Packard Bell fartölvur eru öðrum betri með betri kælingu, 100% hljóðlátar, mjög áreiðanlegar og sterkbyggðar

Service Center
Þjónustudeild Töluteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins með áratuga reynslu í þjónustu á fartölvum og tölvubúnaði.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Íslenski herinn

ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR BER ÓMÆLDA VIRÐINGU FYRIR BJÖRGUNARSVEITUNUM

Stundum heyrast þær raddir að best væri að koma á fót íslenskum her til þess að tryggja varnir landsins. Ég veit hins vegar ekki betur en við Íslendingar eigum okkar her. Hann er svolítið öðruvísi en herir annarra þjóða enda æfir hann hvorki vopnaburð né skriðdrekaakstur. Sú vá sem steðjar að Íslendingum er líka ekki af hernaðarlegum toga. Vissulega gætu komið hingað brjálaðir hryðjuverkamenn og sprengt allt í loft upp og það er aldrei að vita nema einn daginn stígi hér á land erlendur her og segi íslensku þjóðinni stríð á hendur. Það verður hins vegar að viðurkennast að það er líklegra að snjóflóð falli á Bolungarvík, eldgos hefjist í Heimaey og stórhlaup í Skeiðará en að Al-Qaida skilji eftir sprengju á Hlemmi.

Íslensku björgunarsveitirnar eru íslenski herinn. Þær berjast við náttúruöflin og bjarga fólki í neyð. Þær leita að týndum sjómönnum, grafa fólk upp úr snjóflóðum og hætta sér út í storm og sudda til að bjarga verðmætum þegar öllu eðlilegu fólki er ráðlagt að halda sig innandyra. Búnaður þeirra samanstendur af mannbroddum, snjóflóðaýlum, skóflum og sigbeltum enda mega hernaðarvopn eins og handsprengjur og rifflar sín lítils í baráttu þar sem náttúran er mótherjinn.

Íslensku hermennirnir eru sjómenn, læknar, smiðir, bændur, kennarar og fiskvinnslukonur sem fá frí í vinnunni til þess að bjarga mannslífum og fá engin laun fyrir afrek sín. Íslensku hermennirnir eru sannkallaðar hvunndagshetjur og þeir hafa aldrei nokkurn tímann drepið saklausa borgara.

Við veitum þessum her okkar enga sérstaka athygli. Meðan aðrar þjóðir steypa í brons myndir af hershöfðingjum sínum þekkja Íslendingar enga björgunarmenn með nafni. Íslensku hermennirnir vilja ekki frægð og upphefð en þeim veitti ekkert af nokkrum milljónum. Peningunum sem fóru í hernaðaræfinguna Norður-Víking hefði ábyggilega verið betur varið með því að styrkja starf björgunarsveitanna sem reiða sig á að almenningur kaupi flugelda um áramótin.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Fátt kemur á óvart

Lonnie Rashied Lynn, Jr., öðru nafni Common, er búinn að rappa í fimmtán ár. Hann vakti fyrst athygli undir listamannsnafninu Common Sense árið 1992 þegar tímaritið The Source hampaði honum í „Unsigned Hype“ dálknum. Sama ár sendi hann frá sér smáskífuna Take It EZ og fyrstu plötuna sína í fullri lengd, Can I Borrow A Dollar? Finding Forever er hans sjöunda plata og eins og á síðustu plötu, Be frá 2005, er það Kanye West sem tekur upp megnið af lögunum. Common og Kanye eiga það sameiginlegt að vera frá Chicago.

Það eru tólf lög á Finding Forever og platan í heild sinni er ekki nema tæpar fimmtíu mínútur að lengd. Það eru engin pirrandi innskot og ekki hrúga af földum aukalögum í lokin eins og tíðkast hefur á mörgum hip-hop plötum undanfarin ár. Vonandi er þetta til merkis um það að rappararnir séu búnir að fatta að meira magn þýðir ekki endilega meiri gæði.

Common er frábær rappari. Hann kann þá list að segja sögu, flæðið hjá honum er óaðfinnanlegt og textarnir eru fullir af skemmtilegum orðaleikjum. Það eru mörg flott lög á Finding Forever og platan rennur smurt í gegn. Gestainnkomur eiga m.a. Lily Allen, D'Angelo og Kanye West sjálfur. Á meðal bestu laganna eru Drivin' Me Wild sem Lily syngur viðlagið í, So Far To Go, The Game og lokalagið Forever Begins.

Á heildina fín plata þó að það komi manni ekkert á óvart á henni og hún brjóti ekki blað í rappsögunni.

Trausti Júlíusson



TÓNLIST
Finding Forever
Common
★★★

Tveir fremstu hip-hop listamenn Chicago-borgar, rapparinn Common og upptökustjórinn Kanye West, eru hér með skothelda plötu sem brýtur samt ekki blað í rappsögunni.

NÝJAR BÆKUR

Ljósmyndabækur Sigurgeirs Sigurjónssonar hafa borist víða um heiminn, enda hafa þær komið út á fjölmörgum tungumálum og eru meðal vinsælustu landkynningarbóka á Íslandi. Nú bætist nýr gripur í þetta safn: Made in Iceland/Innan lands og er í 19,5x19,1. Nýja bókin ber öll einkenni höfundar síns; þar er að finna landslagsmyndir út öllum landshlutum og eftirminnilegar mannlífsmyndir. Frú Dorritt Mousaieff skrifar inngangsorð að bókinni. Þessi bók er í mjúku bandi og handhægu broti og er tilvalin gjöf til vina og viðskiptavina heima og erlendis. Hún kemur út á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, frönsku og þýsku. Forlagið gefur út. Hún fæst í öllum útgáfum í helstu bókaverslunum.

Spessi sendir frá sér stórbók með ljósmyndum. Bókin er í stóru broti 29x24,5 cm og með hörðum spjöldum, prentuð í Íslandsprenti og 246 síður. Hún geymir mikið magn ljósmynda eftir Spessa frá Íslandi okkar tíma, efniviðurinn er fjölbreytilegur, þéttbýli og dreifbýli, landslag með húsum og mannvirkjum. Bókinni er fylgt úr garði með greinum eftir þær Stephanie Crash, ritstjóra Art in America, og Æsu Sigurjónsdóttur listfræðing, en báðar greinarnar eru á ensku. Spessi kallar safnið Locations. Útgáfan er styrkt af Kaupþingi, útlit hannað af karlssonwilker í New York en dreift af Distributed Art Publishers í New York. Bókin fæst í betri bókaverslunum.

Ferðabókin Iceland, its scenes and sagas eftir Sabine Baring-Could (1834-1924) er komin út á forlagi Signal í Oxford. Martin Graebe skrifar inngang. Höfundurinn var klerkur, safnari þjóðlaga á Bretlandi, skáldsagnahöfundur og ljóðskáld. Bókin geymir ferðasögu hans frá ferðum um Ísland 1862. Með bandaríska höfundinum og teiknaranum J. Ross Browne sem hér var á ferð fyrir Harpers Magazine. Baring Could er þekktastur fyrir ljóðið Áfram Kristsmenn Krossmenn en eftir hann liggja um 1.100 ritsmíðar. Hann var áhugamaður um fornleifafræði og á sinni tíð fróðastur allra um Dartmoor. Bókin er skreytt teikningum þeirra beggja. Hún er gefin út í ritröðinni Lost and Found – Classical Travel Writing. Hún bætist í hóp hinna mörgu ferðabóka sem spruttu af ferðum erlendra manna hingað á 19. öld. Hún er til sölu í Pennanum/Eymundsson.

Nicotinell®

NÝJAR PAKKNINGAR BETRA VERÐ

TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!

NICOTINELL
- ÞRJÁR GÓÐAR LEIÐIR TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaróreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

www.lyfja.is

LYFJA - Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.30 - 8 - 10.30	14
BOURNE ULTIMATUM LÚXUS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE SIMPSONS MOVIE ÍSL. TAL	kl. 4 - 6	
RUSH HOUR 3	kl. 3.45 - 5.50 -8 -10.10	
DIE HARD 4.0	kl. 8 *Síðustu sýningar	14
DEATH PROOF	kl. 10.45 *Síðustu sýn.	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

SÝNINGARTÍMAR BÍÓDAGA GRÆNA LJÓSSINS	
KL. 5.30	Die Falscher / The Bridge**/ Fuck**/ Hallam Foe**
KL. 8	Curse of the Golden Flower / Sicko
	Cocaine Cowboys** / Goodbye Bafana
KL. 10.30	Away From Her / Going To Pieces
	No Body Is Perfect** / Zoo**

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

ASTRÓPÍA	kl. 4 - 6 - 8 - 10.10	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	14
RUSH HOUR 3	kl. 4 - 6 - 8 - 10	12
BECOMING JANE	kl. 3 - 5.30 - 8 -10.30	

SÍMI 462 3500

BOURNE ULTIMATUM	kl. 6 - 8 - 10	14
RUSH HOUR 3	kl. 6 -10	12
THE SIMPSONS MYNDIN ÍSL. TAL	kl. 6	
KNOCKED UP FORSÝNING	kl. 6	

MIÐASALA Á midi.is

Ekki barnanna best

Victoria Beckham fær ekki háa einkunn hjá tveimur barnapíum sem hafa nú flúið heimili þeirra Beckham-hjóna í Los Angeles en frá þessu greinir News of the World.

Mikla athygli vakti í síðustu viku þegar Victoria mætti, öll uppstríluð að sjálfsögðu, með krakkaskarann í skólann þeirra. Yfirleitt hefur þetta verk verið innt af hendi af hálfu barnapíu hjónanna en nú er öldin önnur. Barnapíurnar tvær, þær Zara og Claire, fengu upp í kok af vinnutímanum og ekki síst Victoriu og mömmu hennar. Þær voru ráðnar til að sjá um Brooklyn, Romeo og Cruz en þær voru brátt farnar að sjá um allt heimilishaldið, elda mat og þrífa. Vinnudagurinn gat staðið frá klukkan sex á morgnana til miðnættis.

Zara hafði verið hjá Beckham-hjónunum í heilt ár áður en hún gafst upp og fór heim til Nýja-Sjálands. Claire entist hins vegar ekki nema hálft ár. „Margir ímynda sér eflaust að það sé draumur að vinna fyrir svona frægt fólk í Kaliforníu. En þessar tvær, með þessa miklu reynslu, sögðu að þetta hefði verið martröð," lét heimildarmaður blaðsins hafa eftir sér. „Victoria talaði niðrandi til þeirra og Jackie, móðir Victoriu, gerði ekkert annað en að nöldra og kvarta," bætir hann við.

Victoria vill eflaust líka hafa stjórn á þeim konum sem koma inn fyrir hússins dyr enda varla búin að jafna sig á ástarævintýri eiginmannsins og Rebeccu Loos sem var aðstoðarkona Davids.

VONDUR YFIRMAÐUR Victoria hefur sjálf þurft að ganga í störf sem alla jafna eru í höndum barnapía. Þær eru nú á bak og burt.

Diaz og Law saman

Nýjasta parið í heimi fræga og ríka fólksins er stjörnurnar Jude Law og Cameron Diaz en frá þessu greinir sunnudagsútgáfa breska blaðsins Mirror. Samkvæmt frétt blaðsins eru þau nú á leiðinni í lítið sumarfrí á Hawaii en þangað fór Diaz jafnan með fyrrverandi heitmanni sínum, sykurpopparanum Justin Timberlake.

Law og Diaz kynntust fyrst við tökur á rómantísku gamanmyndinni The Holiday og fóru í kjölfarið á nokkur stefnumót. „En síðan fór Law til Bretlands og hún til Los Angeles þar sem hún hitti einhverja aðra karlmenn. En Jude virtist hafa heillað hana upp úr skónum," segir heimildarmaður Mirror.

Að sögn heimildarmannsins er þetta tækifæri fyrir þau að sjá hvort einhver alvara búi þarna að baki. En þau verða þó ekki alveg alein því vinkona Cameron Drew Barrymore og kærasti hennar Spike Jonze eiga einnig bókað herbergi á sama hóteli og munu vafalaust gæta þess að öll siðferðismörk verði virt.

SAMAN Í THE HOLIDAY Diaz og Jude léku saman í rómantísku myndinni The Holiday og hjörtu þeirra virðast slá í takt um þessar mundir.

BJÖRK Matthew Herbert endurhljóðblandar tvö lög af nýjustu plötu Bjarkar, Volta.

Blandar tvö lög Bjarkar

Breski raftónlistarmaðurinn Matthew Herbert hefur endurhljóðblandað lögin Wanderlust og Declare Independence af nýjustu plötu Bjarkar, Volta.

Herbert hefur áður endurhljóðblandað lög fyrir þekkta flytjendur á borð við R.E.M., Yoko Ono, Moloko, John Cale, Serge Gainsbourg, The Avalanches og Cornelius. Hann hefur áður unnið með Björk, við forritun þriggja laga á plötunni Vespertine. Einnig tók Herbert upp sólóplötu Róisín Murphy, söngkonu Moloko.

ÁLFABAKKA

ASTRÓPÍÁ	kl. 6:15 - 8 - 10:10	L
ASTRÓPÍÁ	kl. 8 - 10:10 VIP	
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 4 - 5:30 DIGITAL	L
TRANSFORMERS	kl. 5 - 8 - 10:40	10
TRANSFORMERS	kl. 5 VIP	
NANCY DREW	kl. 6	7
GEORGIA RULES	kl. 8	7
HARRY POTTER 5	kl. 8:15	10
SHREK 3 M/- ÍSL TAL	kl. 4	L
OCEAN´S 13	kl. 10:10	7

SELFOSSI S. 482 3007

ASTRÓPÍÁ	kl. 7 - 9 L	
RUSH HOUR 3	kl. 7 - 9 12	

KRINGLUNNI

ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10:10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
RATATOUILLE M/- ÍSL TAL	kl. 5:30 DIGITAL	L
RATATOUILLE ENSKU TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:20 DIGITAL	10

AKUREYRI

ASTRÓPÍÁ	kl. 6 - 8 - 10	L
RATATOUILLE ÍSL TAL	kl. 6	L
RATATOUILLE ENSKT TAL	kl. 8	L
TRANSFORMERS	kl. 10:15	10

KEFLAVÍK

ASTRÓPÍA	kl. 8 - 10	L
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	14

"BJARNI HAUKUR ER DREPFYNDINN"

Pabbinn

Í LEIKSTJÓRN SIGGA SIGURJÓNS

Á TÚR UM LANDIÐ

PABBINN ★★★★★
SH/BYLGJAN

"ÞÚ LIGGUR Í KRAMPA Í 100 MÍNÚTUR"

Sýningar hefjast allar kl.20:30 / miðaverð kr. 2900

29. ágúst Selfoss / 30. ágúst Hvolsvöllur / 31. ágúst Höfn Hornafirði / 1. sept. Djúpivogur / 2. sept. Reyðarfjörður / 3. sept. Egilsstaðir / 4. sept. Vopnafjörður / 6. sept. Raufarhöfn / 7. sept. Húsavík / 8. sept. Neskaupsstaður / 21. sept. Borgarnes / 22. sept. Akranes / 4 & 5. Okt. Akureyri / 6. Okt. Dalvík / 7. Okt. Sauðárkrókur / 18. Okt. Ísafjörður / 19. Okt. Stykkishólmur / 20. Okt. Ólafsvík / 17. Nóv. Vestmannaeyjar

www.pabbinn.is

THORSSON PRODUCTIONS

> Þórey Edda ekki í úrslit

Þórey Edda Elísdóttir komst í gærdag ekki áfram eftir forkeppni í stangarstökki kvenna á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum sem fer fram í Osaka í Japan. Hún stökk best 4,35 metra en felldi svo 4,45 í þrígang. Allar þær sem komust áfram stukku 4,55 og var því Þórey Edda talsvert frá því að komast áfram. Hún er eini keppandinn frá Íslandi í Osaka.

sport
sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA KVENNALANDSLIÐIÐ: TAPAÐI DÝRMÆTUM STIGUM Í SLÓVENÍU

Ekki öll nótt úti enn þrátt fyrir slæmt tap

Ísland tapaði á grátlegan máta fyrir Slóveníu í undankeppni EM í knattspyrnu í gær. Liðið fékk á sig sín fyrstu mörk í riðlinum og tapaði um leið sínum fyrstu stigum.

„Við sóttum stanslaust allan leikinn en skoruðum ekki mörkin sem til þurfti. Við vorum líka óheppin að því leyti að við fáum á okkur tvö skot og þau hafna bæði í markinu," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. „Það var erfitt að brjóta liðið niður, þær eru sterkar og börðust vel. Við fundum ekki svæðin úti á köntunum til að koma með fyrirgjafirnar og klára færin. Við sköpuðum okkur þó mörg færi en það dugði ekki til."

Íslenska liðið fékk draumabyrjun í leiknum og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði strax á fjórðu mínútu eftir að hafa stungið sér inn á milli tveggja varnarmanna. Hún lét vaða að marki utan vítateigs og boltinn hafnaði í netinu.

Jöfnunarmark Slóvena kom aðeins tveimur mínútum síðar, beint úr aukaspyrnu af löngu færi. Markið var glæsilegt og til að bæta gráu á svart var heimamönnum dæmt víti þegar Guðný Óðinsdóttir braut af sér. Þóra B. Helgadóttir kom engum vörnum við í vítinu.

Það var ekki fyrr en undir lok hálfleiksins sem íslensku leikmennirnir fóru að bíta aftur frá sér og fengu nokkur mjög góð færi en skoruðu þó ekki. Þannig var það allan síðari hálfleikinn en besta færið fékk Margrét Lára á 55. mínútu er hún fékk stungusendingu inn fyrir vörn Slóvena. Hún var ein á auðum sjó en skot hennar hafnaði í slánni.

Eftir á að koma í ljós hverjar afleiðingar tapsins verða en ljóst er að Ísland verður að vinna annaðhvort Serbíu eða Frakkland á útivelli til að eiga minnstu möguleika á að komast áfram í úrslitakeppni EM í Finnlandi árið 2009.

Sigurður Ragnar segir að þrátt fyrir allt sé ekki öll nótt úti enn. „Við gerum okkur erfiðar fyrir en ef við vinnum þessa fjóra leiki sem eru eftir vinnum við riðilinn. Við þurfum því að treysta á okkur sjálfar."

Í HELJARSTÖKKI Nani fagnaði marki sínu með tilþrifum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Loksins sigur hjá United

FÓTBOLTI Portúgalinn Nani tryggði Manchester United fyrsta sigur liðsins á tímabilinu með því að skora eina mark leiksins gegn Tottenham í gær. Robbie Keane átti skot í slá á fyrstu mínútu en eftir það réðu United-menn ferðinni lengst af.

Þá gerðu Middlesbrough og Newcastle 2-2 jafntefli en síðarnefnda liðið komst tvívegis yfir í leiknum. Mark Viduka skoraði síðara mark Newcastle gegn sínum gömlu félögum en það dugði ekki til þar sem Julio Arca jafnaði metin seint í leiknum. **- esá**

Tyrklandskappaksturinn:

Massa sigraði

FORMÚLA 1 Ferrari stóð uppi sem sigurvegari í tyrkneska kappakstrinum í gær en Felipe Massa sigraði og Kimi Räikkönen varð annar. Massa sigraði einnig í Tyrklandi í fyrra. Alonso náði þriðja sætinu en Lewis Hamilton tapaði dýrmætum stigum er hann lenti utan brautar og sprengdi hægra framdekkið. Hann varð í fimmta sæti og forysta hans á Alonso í stigakeppni ökumanna er komin niður í þrjú stig.

„Þetta er ótrúlegt. Ég er mjög hrifinn af þessari braut en hérna var vendipunktur ferils míns. Hér byrjaði ég að vinna kappakstra," sagði Massa. - esá

Fylkir réð ekki við Matthías

Matthías Vilhjálmsson átti frábæran leik er FH lagði Fylki. Fylki gekk illa að koma góðum skotum að markinu, þrátt fyrir sóknarþunga undir lok leiksins.

FÓTBOLTI Matthías Vilhjálmsson, framherji FH-inga, tryggði 2-1 sigur FH á Fylki með tveimur góðum mörkum. Fylkisliðinu gekk illa að skapa marktækifæri framan af leik en varamaðurinn Páll Einarsson hleypti lífi í leikinn er hann kom inn á og minnkaði muninn úr umdeildri vítaspyrnu á 85. mínútu. „Þetta fór eins og við vildum að þetta færi. Fylkisliðið er líkamlega sterkt lið og spilar fast. Páll [Einarsson] hleypti lífi í leik Fylkis. Þrátt fyrir aldurinn og kannski ekki mikla hreyfigetu þá er Páll klókur knattspyrnumaður, enda þjálfaði ég hann í gamla daga," sagði Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, glaður í bragði að leik loknum.

FH-ingar voru verðskuldað 1-0 yfir í hálfleik. Sóknarlotur þeirra voru vel útfærðar, iðulega reynt að sækja hratt upp kantana og skapa þannig hættu. Fylkismenn voru hættulegir þegar þeim tókst að koma boltanum inn í teiginn, en skorti yfirvegun og komu engu góðu skoti á markið í hálfleiknum

Matthías Vilhjálmsson var frábær í fyrri hálfleik. Sífellt á hreyfingu, klókur þegar hann fékk boltann og þefandi uppi marktækifæri þegar opnaðist fyrir þau. Einstaklega vel var staðið að marki hans á fjórðu mínútu. Sending Guðmundar Sævarssonar hægri bakvarðar fór á hárréttan stað inn í teig Fylkismanna þar sem Matthías tók við boltanum, skýldi honum laglega fyrir varnarmanni og lagði boltann af yfirvegun í markhornið framhjá Fjalari Þorgeirssyni markverði.

Eftir markið róaðist leikurinn, en Fylkismenn komust í þrígang í ágætis marktækifæri en fóru illa með þau í öll skiptin.

BARÁTTA Í ÁRBÆNUM Bjarki Gunnlaugsson reynir að fara hér framhjá Peter Gravesen, leikmanni Fylkis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FH-ingar héldu góðum tökum á leiknum í upphafi síðari hálfleiks en Fylkismenn unnu sig inn í leikinn með góðri baráttu og voru betri á löngum köflum. Þeim gekk erfiðlega að ljúka sóknarlotum sínum með því að skapa góð marktækifæri. Christian Christiansen fékk gott færi á 50. mínútu en skaut langt yfir markið.

FH-ingar komust í 2-0 á 75. mínútu er Matthías Vilhjálmsson þrumaði boltann í netið af stuttu færi. Matthías virtist rangstæður er hann skoraði. Staðan ekki árennileg fyrir heimamenn í Árbænum. Páll Einarsson kom inn á sem varamaður á 80. mínútu og skapaði hættu, með því að treysta sér til þess að halda boltanum; eitthvað sem hafði sárlega skort hjá framherjum Fylkis í leiknum. Á 85. mínútu var dæmd vítaspyrna, sem FH-ingar mótmæltu harðlega. Páll Einarsson, sem fiskaði vítið, fór á punktinn og skoraði af öryggi, stöngin og inn. Eftir þetta reyndu Fylkismenn að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki. Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, var vitanlega ónægður eftir leikinn. „Mér fannst við leika betur en FH í síðari hálfleik og við fengum færin til þess að skora. En það dugar ekki til, að spila vel. Það þarf að nýta færin til þess að vinna fótboltaleiki. Vonandi gerum við það í næsta leik."

magnush@frettabladid.is

Fylkir 1-2 FH

Fylkisvöllur, áhorf.: 1.372 — Einar Örn Daníelsson (6)

0-1 Matthías Vilhjálmsson (4.)
0-2 Matthías Vilhjálmsson (76.)
1-2 Páll Einarsson, víti (87.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–10 (3–7)
Varin skot	Fjalar 5 – Daði 2
Horn	5–6
Aukaspyrnur fengnar	14–12
Rangstöður	3–0

FYLKIR 4–3–3		FH 4–3–3	
Fjalar Þorgeirsson	5	Daði Lárusson	6
Andrés M. Jóhannss.	5	Guðm. Sævarsson	6
Kristján Valdimarss.	5	Sverrir Garðarsson	6
David Hannah	6	Tommy Nielsen	6
Viðir Leifsson	6	Freyr Bjarnason	6
Valur Fannar Gíslas.	6	Davið Viðarsson	5
Ólafur Ingi Stígsson	5	Ásgeir G. Ásgeirsson	6
(80. Páll Einarsson	-)	(80. Sigurvin Ólafss.	-)
Halldór Hilmisson	5	Bjarki Gunnlaugsson	6
(85. Hermann Aðal.	-)	(65. Dennis Siim	6)
Albert Ingason	5	Matthías Guðm.	5
C. Christiansen	5	**Matthías Vilhj.**	**8***
Peter Gravesen	6	Tryggvi Guðm.	7
(46. M. Beierholm	5)	(83. Atli Guðnason	-)

**Maður leiksins*

ÚRSLIT LEIKJA

Ítalska úrvalsdeildin

Fiorentina-Empoli	3-1
Genoa-AC Milan	0-3
0-1 Massimo Ambrosini (21.), 0-2 Kaka (44.), 0-3 Kaka, víti (45.)	
Inter Milan-Udinese	1-1
1-0 Dejan Stankovic (9.), 1-1 Ivan Cordoba, sjálfsmark (90.).	
Napoli-Cagliari	0-2
Parma-Catania	2-2
Reggina-Atalanta	1-1

Emil Hallfreðsson var í byrjunarliði Reggina en var skipt af velli á 68. mínútu.

Hollenska úrvalsdeildin

Groningen-De Graafschap	0-2

Arnar Þór Viðarsson spilaði allan leikinn fyrir De Graafschap.

Keflavík 1-3 Valur

Keflavíkurv., áhorf.: óuppg. — Garðar Örn Hinriksson (5)

0-1 Helgi Sigurðsson (9.)
0-2 Guðmundur Benediktsson (12.)
0-3 Baldur Bett (27.)
1-3 Símun Samuelsen (35.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–11 (5–7)
Varin skot	Ómar og Bjarki 4 – Kjartan 4
Horn	6–1
Aukaspyrnur fengnar	13–15
Rangstöður	1–2

KEFLAVÍK 4–5–1		VALUR 4–4–1–1	
Ómar Jóhannsson	-	**Kjartan Sturluson**	**8***
(15. Bjarki Freyr	5)	Birkir Már Sævarsson	7
Guðjón Antoníuss.	6	Atli Sveinn Þórarinss.	4
Kenneth Gustafsson	5	(62. Gunnar Einarss.	5)
Nicolai Jörgensen	4	Barry Smith	6
Branislav Milicevic	4	Rene Carlsen	6
(30. Guðm. Mete	7)	Baldur Aðalsteinsson	6
Marco Kotilainen	6	Baldur Bett	7
Jónas Sævarsson	5	(75. Hafþór Ægir	-)
Hallgrímur Jónass.	5	Pálmi Rafn Pálmason	6
Baldur Sigurðsson	5	Bjarni Eiríksson	6
Símun Samuelsen	5	Guðm. Benediktss.	7
Guðm. Steinarsson	5	Helgi Sigurðsson	7
(18. Pétur Kristjánss.	5)	(46. Dennis Bo M.	5)

**Maður leiksins*

Fimmta tap Keflavíkur í síðustu sex leikjum liðsins í Landsbankadeild karla:

Valur sótti þrjú góð stig til Keflavíkur

FÓTBOLTI Keflvíkingar og Valsmenn buðu upp á frábæra skemmtun þegar liðin mættust í Landsbankadeildinni í gærkvöldi. Mikið fjör var í leiknum og mörg færi litu dagsins ljós. Valsmenn eiga enn möguleika á Íslandsmeistaratitlinum með 3-1, sigri en Keflavík hefur nú leikið sex leiki án sigurs og tapað fimm þeirra.

Keflavík byrjaði leikinn af krafti en Valsmenn tóku þó fljótt öll völd á vellinum og komust yfir með skrautlegu marki Helga Sigurðssonar á 9. mínútu.

Ómar markvörður Keflvíkinga meiddist í samstuði við samherja þegar Helgi skoraði en fór ekki af leikvelli fyrr en Valsmenn voru komnir í 2-0. Guðmundur Benediktsson skoraði af stuttu færi eftir hornspyrnu á 12. mínútu.

Þegar rétt liðlega hálftími var liðinn af leiknum virtist Baldur Bett gera út um leikinn með fallegasta marki leiksins. Helgi Sigurðsson gerði vel að halda boltanum rétt fyrir utan vítateig þar sem hann renndi boltanum út á Baldur sem þrumaði knettinum efst í hægra markhornið.

Til að bæta gráu ofan á svart neyddust Keflvíkingar til að nota allar þrjár skiptingar sína á fyrsta hálftímanum vegna meiðsla og Valsmenn virtust ætla að rúlla leiknum upp. Þriðja skipting Keflvíkinga breytti þó gangi leiksins því á 35. mínútu átti varamaðurinn Guðmundur Viðar Mete frábæra sendingu upp allan völlinn á Símun Samuelsen sem komst einn inn gegn Kjartani. Færeyingurinn lék á Kjartan og gaf Keflavíkingum von á ný með góðu marki.

Keflvíkingar hófu seinni hálfleik eins og þeir enduðu þann fyrri og Valsmenn geta þakkað Kjartani markverði fyrir að halda tveggja marka forystunni. Er leið á hálfleikinn fjaraði leikurinn út og Valsmenn unnu í lokin sanngjarnan sigur.

Guðmundur Benediktsson sagðist ánægður með að ná í þrjú stig í gærkvöldi.

DUGÐI SKAMMT Símun Samuelsen sækir hér að marki Vals en hann skoraði eina mark Keflavíkur í leiknum. MYND/VÍKURFRÉTTIR

„Það er gott að sækja þrjú stig hingað og halda sér í baráttunni. Við vissum að þeir væru sterkir og að ef við næðum að skora snemma gætum við átt von á því að þeir brotnuðu. Við náum að setja þrjú mörk en hættum þá að spila okkar leik og féllum of aftarlega. Þeir sjá sóknarfæri og eiga hrós skilið fyrir mikla baráttu og viðleitni við að komast aftur inn í leikinn," sagði Guðmundur, sem fagnaði sínu 50. marki í efstu deild. **- gmi**

50.000 lög og MacBook með?

Dæmið er einfalt!

Nýir áskrifendur fá 1.000 króna inneign frítt!
Þú getur unnið iPod eða MacBook tölvu!

Þú getur prófað frítt í 14 daga!

Tónlist.is
Á hvað ert þú að hlusta?

Breiðablik 1-1 Víkingur

Kópavogsv., áhorf.: óuppg. — Egill Már Markússon (4)

0-1 Kristinn Steindórsson (15.)
1-1 Gunnar Kristjánsson (45.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–7 (5–4)
Varin skot	Jacobsen 3 – Ingvar 3
Horn	5–3
Aukaspyrnur fengnar	16–9
Rangstöður	2–4

BREIÐAB. 4–4–2		VÍKINGUR 5–4–1	
Capser Jacobsen	5	Ingvar Þór Kale	7
Árni Kr. Gunnarsson	6	Höskuldur Eiríksson	6
Guðmann Þórisson	4	(65., Pétur Svansson	-)
Srdjan Gasic	8	Grétar Sigurðarson	7
Kristinn Jónsson	6	Milos Glogovac	4
Nenad Zivanovic	7	(89., Valur Úlfarsson	-)
Arnar Grétarsson	6	Hermann Albertsson	3
(79., Magnús Páll	-)	Arnar Jón Sigurgeirss.	5
Nenad Petrovic	6	Þorvaldur Sveinsson	6
Gunnar Örn Jónsson	7	Jón B. Hermannsson	5
(46., Olgeir Sigurg.	6)	Stefán Kári Sveinbj.	4
Kristinn Steind.	**8***	Gunnar Kristjánsson	6
Prince Rajcomar	7	(61., Egill Atlason	3)
		Sinisa Kekic	6

*Maður leiksins

Víkingar náðu í mikilvægt stig í Kópavogi þökk sé glæsimarki Gunnars Kristjánssonar beint úr aukaspyrnu:

Blikar góðir en fengu aftur bara eitt stig

FÓTBOLTI Aukaspyrna í lok fyrri hálfleiks kostaði Blika tvö stig í 1-1 jafntefli við Víkinga á Kópavogsvellinum í gær.

Víkingar skoruðu jöfnunarmark sitt beint úr aukaspyrnunni og Blikar misstu mann af velli með rautt spjald fyrir brotið en Guðmann Þórisson var dæmdur fyrir brotið á Arnari Jóni Sigurgeirssyni þegar hann var að komast einn í gegn. Fram að brottrekstrinum sem kom á fjórðu mínútu uppbótartíma fyrri hálfleiks virtist það aðeins vera spurningin um hve stór sigur Blika yrðu því þeir óðu í færum allan hálfleikinn.

Eftir brottreksturinn voru Blikar áfram hættulegri í sínum aðgerðum og oft skall hurð nærri hælum í lokin þegar bæði liðin voru komin með tíu menn en Hermann Albertsson fékk sitt annað gula spjald þegar 15 mínútur voru eftir. Víkingar héngu á jafnteflinu og kræktu í mikilvægt stig.

„Fyrri hálfleikurinn hjá okkur var virkilega góður. Við stjórnuðum honum frá A til Ö en það sem við gerðum ekki vel var að við nýttum ekki þessi færi sem við fengum. Annað mark hefði klárað þetta en 1-0 er mjög óþægileg staða. Við fáum síðan þetta rauða spjald á okkur og vorum orðnir manni færri. Við reyndum að

HÖRKUBARÁTTA Höskuldur Eiríksson og Nenad Zivanovic berjast um knöttinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

vinna okkur út úr því, það var erfitt fyrsta korterið en síðan komumst við aftur inn í leikinn. Við vorum síðan með leikinn eftir að Víkingarnir misstu mann út af og mér fannst við hefðum getað klárað hann,“ sagði Ólafur H. Kristjánsson, þjálfari Blika, sem hrósaði sérstaklega tveimur 17 ára strákum sem voru í byrjunarliðinu en annar þeirra, Kristinn Steindórsson, var besti maður Blika ásamt Srdjan Gasic.

„Við hefðum átt að nýta það aðeins betur að vera manni fleiri. Þeir þjöppuðu sér saman þegar á móti blés og þetta var bara baráttа. Það var mjög mikilvægt að halda stiginu og þetta er eitt stig í áttina að halda sér uppi,“ sagði Grétar Sigurðarson, fyrirliði Víkinga. **- óój**

Fram 3-0 HK

Laugardalsvöllur, áhorf.: 979 — Eyjólfur M. Kristinss. (4)

1-0 Alexander Steen (8.)
2-0 Theódór Óskarsson (30.)
3-0 Hjálmar Þórarinsson (63.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–4 (7–2)
Varin skot	Hannes 2 – Gunnleifur 5
Horn	7–2
Aukaspyrnur fengnar	11–15
Rangstöður	8–1

FRAM 4–3–3		HK 4–5–1	
Hannes Halldórsson	6	Gunnleifur Gunnl.	4
Ingvar Ólason	6	Stefán Eggertsson	3
Reynir Leósson	6	Ásgrímur Albertsson	4
Kristján Hauksson	6	Finnbogi Llorens	4
Daði Guðmundsson	5	Hermann Þórisson	3
Hans Mathiesen	6	Hólmar Eyjólfsson	4
Alexander Steen	7	Rúnar Páll Sigmundss.	3
Hjálmar Þórarinsson	7	(82. Almir Cosic	3)
Henrik Eggerts	4	Oliver Jäger	4
(66. Ívar Björnsson	4)	(46. Ólafur Júlíusson	3)
Theodór Óskarsson	6	Jón Þ. Stefánsson	6
(47. Patrick Redo	4)	Calum Þór Bett	2
Jónas Grani G.	**8***	(73. Kristján Halld.	-)
(87. Guðm. Magn.	-)	Þórður Birgisson	5

*Maður leiksins

Fram valtaði yfir HK-inga

Fram komst upp úr botnsæti Landsbankadeildarinnar í gær eftir öruggan sigur á HK, 3-0. Gestirnir úr Kópavogi sáu aldrei til sólar í leiknum.

FÓTBOLTI Það var mikið undir þegar Fram tók á móti HK í gær. Þrátt fyrir það voru gestirnir úr Kópavogi engan veginn tilbúnir í slaginn og grimmir Framarar lönduðu þrem dýrmætum stigum.

Fyrri hálfleikur í Laugardalnum í gær var eign Framara frá upphafi sem tóku leikinn traustataki strax á fyrstu mínútu og byrjuðu að þjarma að HK. Það voru ekki margar sekúndur liðnar af leiknum þegar Framarar komust í dauðafæri en Gunnleifur bjargaði vel með góðu úthlaupi.

Gunnleifur var ekki eins vel á tánum átta mínútum síðar þegar Alexander Steen fékk góða stungusendingu inn fyrir vörn HK. Gunnleifur kom askvaðandi út úr markinu, misreiknaði hlaupið hrikalega og missti af boltanum. Eftirleikurinn var auðveldur fyrir Steen sem renndi boltanum í tómt markið.

Framarar héldu áfram að sækja eftir markið og bættu öðru marki við þegar hálftími var búinn af leiknum. Þá átti Jónas Grani frábæra stungusendingu á Theodór sem lék framhjá Gunnleifi og setti boltann auðveldlega í netið. Glæsilegt mark.

Fram slakaði aðeins á klónni eftir markið, leyfði HK að koma framar á völlinn en Kópavogsbúar náðu lítið að ógna marki heimamanna og Fram var með góða stöðu í leikhléi.

Síðari hálfleikur var vægt til orða tekið bragðdaufur. Framarar

THEODÓR SÆKIR Theodór Óskarsson skoraði annað mark Framara í gær. Hér er hann í aðdraganda marksins.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

stóðu vörð um virkið og fóru sér í engu óðslega. Gestirnir reyndu að sækja en af ákaflega veikum mætti. Það hafði í raun ekkert gerst í hálfleiknum þegar Jónas Grani átti enn eina snilldarsendinguna á Hjálmar sem skallaði auðveldlega í markið af stuttu færi.

Sigur Framara var ákaflega verðskuldaður enda voru þeir mörgum klössum betri en HK í gær en þetta var ekki sama HK-liðið og var nærri því búið að leggja FH um daginn. Einhverra hluta vegna getur HK-liðið sama sem ekki neitt í útileikjum sínum og leikmenn virtust hafa litla trú á verkefninu í gær.

Framarar áttu mjög góðan leik í gær og reyndar ekki í fyrsta skipti í sumar en Fram-liðið hefur á köflum spilað skínandi vel. Sóknarleikur Framara er sem fyrr mjög líflegur þar sem Jónas Grani og Steen bera höfuð og herðar yfir aðra en Hjálmar er einnig alltaf hættulegur.

Fram er þar með komið upp úr botnsætinu á ný og miðað við spilamennskuna í síðustu leikjum er Fram allt of vel spilandi lið til að falla og ég trúi varla að það gerist. Staðan er aftur á móti viðkvæm og liðið verður að gæta að sér ef ekki á illa að fara.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT LEIKJA

Forkeppni EM 2009

Slóvenía-Ísland	2-1
0-1 Margrét Lára Viðarsdóttir (4.), 1-1 Manja Benak (6.), 2-1 Anja Milenkovic, víti (20.)	

Enska úrvalsdeildin

Middlesbrough-Newcastle	2-2
0-1 Charles N'Zogbia (22.), 1-1 Mido (28.), 1-2 Mark Viduka (77.), 2-2 Julio Arca (80.).	
Manchester United-Tottenham	1-0
1-0 Nani (68.).	

Norska úrvalsdeildin

Odd Grenland-Viking	1-3
Hannes Þ. Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Viking en Birkir Bjarnason var á bekknum.	
Fredrikstad-Tromsö	2-1
Garðar Jóhannsson lék fyrstu 73 mínúturnar fyrir Fredrikstad.	
Lyn-Strömsgodset	1-0
Indriði Sigurðsson lék ekki með Lyn vegna meiðsla.	
Lilleström-Álasund	7-0
Viktor Bjarki Arnarsson lék ekki með Lilleström en **Haraldur Freyr Guðmundsson** var í liði Álasundi og spilaði allan leikinn.	
Start-Brann	1-1
Jóhannes Harðarson var á bekknum hjá Start. **Kristján Örn Sigurðsson**, **Ólafur Örn Bjarnason** og **Ármann Smári Björnsson** voru allir í byrjunarliði Brann og skoraði Ármann mark Brann.	

Spænska úrvalsdeildin

Recreativo-Real Betis	1-1
Athletic Bilbao-Osasuna	0-0
Real Mallorca-Levante	3-0
Valencia-Villarreal	0-3
0-1 Jon Dahl Tomasson (16.), 0-2 Guiseppe Rossi, víti (62.), 0-3 Cazorta (73.).	
Deportivo-Almeria	0-3
Racing Santander-Barcelona	0-0
Eiður Smári Guðjohnsen lék ekki með Barcelona vegna meiðsla.	
Espanyol-Real Valladolid	0-1

KR 1-1 ÍA

KR-völlur, áhorf.: 1.840 — Jóhannes Valgeirsson (6)

0-1 Vejkoslav Svadumovic (19.)
1-1 Guðmundur Pétursson (90.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15–11 (5–6)
Varin skot	Stefán Logi 4 – Páll Gísli 3
Horn	6–3
Aukaspyrnur fengnar	13–9
Rangstöður	3–5

KR 4–5–1		ÍA 5–4–1	
Stefán Logi Magn.	7	Páll Gísli Jónsson	7
Kristinn Magnússon	6	Helgi P. Magnússon	6
Pétur Marteinsson	6	Árni Thor Guðm.	7
Gunnlaugur Jónsson	7	Dario Cingel	7
Guðm. R. Gunnarss.	6	Heimir Einarsson	6
Sigm. Kristjánsson	4	Guðjón H. Sveinsson	6
Bjarnólfur Lárusson	4	Þórður Guðjónsson	4
Grétar Hjartarson	4	(41. Andri Júlíusson	6)
(88. Ingimundur N.	-)	Jón Vilhelm Ákason	5
Atli Jóhannsson	5	Bjarni Guðjónsson	7
(77. Guðm. Pétursson	-)	Vjekoslav Svadumovic	7
Óskar Örn Hauksson	5	(79. Kári St. Reyniss.	-)
(62. Jóhann Þórh.	7)	**Björn Bergmann**	**8***
Björgólfur Takefusa	5	(88. Gísli Freyr	-)

*Maður leiksins

KR-ingar jöfnuðu í blálokin gegn Skagamönnum og mega vera þakklátir fyrir stigið:

Aftur bjargaði Guðmundur KR í lokin

FÓTBOLTI Guðmundur Pétursson skoraði jöfnunarmark KR gegn ÍA í gær á lokamínútum leiksins. Þetta er í annað skiptið í sumar sem hann skorar þýðingarmikið mark í blálokin og gæti það reynst félaginu dýrmætt þegar upp er staðið. Vjekoslav Svadumovic hafði komið ÍA yfir í fyrri hálfleik.

Leikurinn fór fjörlega af stað en fyrsta markið kom á 19. mínútu. Björn Bergmann gaf fyrir frá vinstri og Vjekoslav Svadumovic varð á undan varnarmönnum KR í boltann og skilaði honum í netið.

Í þessari stöðu brotnaði KR-liðið oft niður fyrr á tímabilinu en heimamenn héldu þó sínu striki. Björgólfur Takefusa fékk ágætt færi og svo var dæmt víti á hann á 39. mínútu. Bjarnólfur Lárusson tók vítið en Páll Gísli varði frá honum. Boltinn datt aftur fyrir Bjarnólf en hann skaut hátt yfir markið úr opnu færi.

KR-ingar komust nærri því að skora á lokamínútu fyrri hálfleiks en nú björguðu Skagamenn á línu.

Heimamenn sóttu mikið í síðari hálfleik en Skagamenn lágu til baka og beittu stórhættulegum skyndisóknum. Svadumovic fékk þrjú mjög góð tækifæri til að bæta við marki en nýtti þau ekki.

Allt útlit var fyrir að taktík Skagamanna myndi bera tilætlaðan árangur en þá kom að þætti varamannsins Guðmundar. Hann bjargaði stigi fyrir KR með því að skalla inn sendingu Gunnlaugs Jónssonar í uppbótartíma.

„Ég hefði viljað fá þrjú stig úr leiknum en við fengum á okkur klaufalegt mark í fyrri hálfleik. Mér fannst við vera að skapa nógu mikið af færum til að vinna leikinn en úr því sem komið var þá var gott að fá þetta stig,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR.

Bjarni Guðjónsson og félagar hans í ÍA voru hundsvekktir með að missa leikinn í jafntefli. „Það hentar okkur langbest að liggja aftarlega og beita skyndisóknum. Við fáum þó mikið fleiri opin færi í leiknum en þeir og áttum að vera komnir í 3-0 forystu.“ **- esá**

SKALLAEINVÍGI Dario Cingel og Björgólfur Takefusa reyna að ná boltanum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚRVALSDEILDIN

STAÐAN

FH	**14**	**9**	**4**	**1**	**31-18**	**31**
Valur	14	8	4	2	31-17	28
ÍA	**14**	**6**	**4**	**4**	**26-21**	**22**
Fylkir	14	6	3	5	15-15	21
Breiðablik	**14**	**4**	**7**	**3**	**21-12**	**19**
Keflavík	14	5	3	6	21-23	18
HK	**14**	**4**	**3**	**7**	**13-28**	**15**
Víkingur	14	3	4	7	13-21	13
Fram	**14**	**3**	**3**	**8**	**19-25**	**12**
KR	14	2	5	7	11-21	11

HAUST-TILBOÐ

Tilboð 1

VINAKLÚBBUR

3.490 kr.

Verð án afsl. 3.990.-
Binditími: 12. mánuðir

Tilboð 2

3. MÁNAÐA KORT

19.990 kr.

1 aukamánuður í kaupbæti

Tilboð 3

35 ÁRSKORT VERÐA SELD Á:

35.000 kr.

Verð án afsláttar 43.990 kr

Verðsprengja
Fyrstir koma fyrstir fá

Síðasti dagur tilboða 5. september

LesMills

HRESS
HEILSURÆKT

Dalshrauni 11 220 Hafnarfirði
Sími 565 2212 www.hress.is

Grafika 07

> Mark Wahlberg

Það munaði engu að Mark hefði flogið með einni vélanna sem lentu á tvíburaturnunum 11. september 2001. Mark átti bókað flug með vélinni ásamt nokkrum vinum frá Boston til Los Angeles en þau ákváðu á síðustu stundu að fljúga fyrst á kvikmyndahátíð í Toronto og síðan til LA. „Við hefðum sannarlega reynt að berjast í flugvélinni. Mig hefur örugglega dreymt um það svona fimmtíu sinnum," sagði Mark um þessa reynslu sína. Hann leikur í The Big Hit á Stöð 2 kl. 23.10.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR HLÝDDI Á ÚTVARP SÖGU

Frjálsari en frjálshyggjan

Á Útvarpi Sögu má treysta því að hvaða lúsablesi sem er fái að úttala sig næstum eins lengi og hann er viljugur til að greiða fyrir símtalið. „Og það má vera um Grímseyjarferjuna eða samkynhneigð eða hvað sem er," eins og Grétar Mar, alþingis- og útvarpsmaður, orðaði það um daginn.

Þáttastjórnendur Sögu mega einnig hafa skoðanir og segja eiginlega allt það sem þeim sýnist. Þeir virðast flestir halda með Frjálslynda flokknum.

Það var bráðfyndið að lesa að þessi pínulitli fjölmiðill færi eitthvað í taugarnar á formanni mennta- og útvarpsmálanefndar. Sigurður Kári vekur athygli á því á heimasíðu sinni að um héruð Útvarps Sögu ríði útsendarar minnsta þingflokksins. Stuðningsmaður fjölmiðlafrumvarps og nefskatts handa RÚV ohf. sagði Söguna virka á hann sem „málgagn flokksins". Reyndar orðaði hann það svo skemmtilega að tveir dagskrárgerðarmenn þar væru „innvígðir og innmúraðir" í Frjálslynda flokkinn. Víða eru innvígðir.

Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri brást við orðum þingmannsins í beinni útsendingu. Henni var mikið niðri fyrir og virtist beinlínis særð. Hún var afar sannfærandi þegar hún upplýsti hlustendur um hversu erfitt væri fyrir sjálfstæðan fjölmiðil, sem gæti ekki mokað silfrinu úr ríkissjóði, að fá til starfa hæft útvarpsfólk með reynslu og þekkingu á þjóðmálum. Fólk úr Frjálslynda flokknum hefði einfaldlega verið til í slaginn. Hún upplýsti okkur einnig um að Ögmundi Jónassyni, þingmanni Vinstri grænna og fyrrum fréttamanni, hefði verið boðið að halda úti þætti og að hún vonaðist til að hann þæði það. Hún bauð að lokum sjálfum Sigurði Kára í heimsókn. Hann mætti sko endilega vera með þátt líka.

Í vikunni fréttist svo að góður rekstur, og væntanlega þetta frjálslynda vinnuframlag, hefði gert Arnþrúði kleift að stækka við sig og ætlar hún að gefa út vikublað í vetur. Einkaframtak og frjáls fjölmiðlun. Ofsalega er nú gaman bara að þetta blómstri líka á Íslandi.

EKKI MISSA AF

▶ **20.10** **Af ferðum túnfisksins** SJÓNVARPIÐ

▶ **22.05** **Weeds** STÖÐ 2

▶ **22.00** **The Recruit** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **21.15** **Smallville** SIRKUS

▶ **20.00** **Friday Night Lights** SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

10.20 HM í frjálsum íþróttum Beint.
13.30 Hlé
16.50 Leikir kvöldsins e.
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.01 Gurra grís (54:104)
18.06 Lítil prinsessa (28:30)
18.16 Halli og risaeðlufatan (24:26)
18.30 Vinkonur (49:52)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
▶**20.10 Af ferðum túnfisksins** Þýsk heimildarmynd um túnfisk. Sjávarlíffræðingurinn Boris Frentzel-Beyme fylgir túnfiski eftir á ferðum hans frá Atlantshafsströnd Marokkó til Tyrklands og skoðar lífríkið á hrygningarslóðum hans.
21.00 Þæga stelpan (Snill) Norsk stuttmynd.
21.15 Í nafni réttlætis (8:13)
22.00 Tíufréttir
22.20 Fjölskyldumaðurinn (1:3) (The Family Man) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum um lækni sem fæst við tæknifrjóvganir, og fern hjón sem til hans leita.
23.15 Bráðavaktin (6:23)
00.00 Út og suður (13:16) e.
00.30 Kastljós
01.00 HM í frjálsum íþróttum Beint.
03.00 Dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

06.10 Alfie
08.00 Men With Brooms
10.00 Loch Ness
12.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate Events
14.00 Men With Brooms
16.00 Loch Ness
18.00 Lemony Snicket´s A Series of Unfortunate Events
20.00 Alfie
▶**22.00 The Recruit** Háspennumynd. Aðalhlutverk: Al Pacino, Colin Farrell.
00.00 The Interpreter
02.05 Nine Lives
04.00 The Recruit

STÖÐ 2

07.00 Stubbarnir
07.25 Barney
07.50 Krakkarnir í næsta húsi
08.10 Oprah
08.55 Í fínu formi 2005
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 Wings of Love NÝTT (6.120)
10.15 Homefront
11.00 Whose Line Is It Anyway?
11.25 Sjálfstætt fólk
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Nágrannar
13.10 Sisters 4 (1.22)
13.55 Extreme Makeover (14.23)
14.40 Commander In Chief (14.18)
15.25 Man´s Work (10.15)
15.50 S Club 7 (e)
16.13 Galdrastelpurnar (22.26)
16.38 BeyBlade
16.58 Camp Lazlo 1
17.23 Froskafjör
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Nágrannar
18.18 Ísland í dag og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag, íþróttir og veð
19.40 The Simpsons (10.22) (e)
20.05 Heima hjá Jamie Oliver Það er fátt svo gott að smá BBQ bæti það ekki. Jamie er að venju fullur af hugmyndum um hvernig má nýta hráefnin sem best.
20.35 Men In Trees (11.17)
21.20 Pirate Master (13.14)
▶**22.05 Weeds** (1.10) Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir húsmóðirin Nancy í miklum fjárhagsvandræðum.
22.35 Weeds (2.10)
23.10 The Big Hit Leigumorðinginn Melvin Smiley er ekki við eina fjölina felldur. Aðalhlutverk: Mark Wahlberg, Christina Applegate. Stranglega bönnuð börnum.
00.40 The 4400 (7.13)
01.25 Bad Dreams (e)
02.45 Footballers´ Wives (3.8)
03.30 Footballers´ Wives (4.8)
04.15 Men In Trees (11.17)
05.00 Heima hjá Jamie Oliver
05.25 Fréttir og Ísland í dag
06.35 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí

SÝN besta sætið

07.00 Landsbankamörkin 2007
07.30 Landsbankamörkin 2007
08.00 Landsbankamörkin 2007
08.30 Landsbankamörkin 2007
09.00 Landsbankamörkin 2007
15.30 PGA Tour 2007 (Barclays Classic)
17.30 Landsbankadeildin 2007 (Fylkir - FH)
19.20 Landsbankamörkin 2007
19.55 David Beckham - Soccer USA (5.13)
20.25 Heights of Passion (Erkifjendur) Í þessum þætti verða viðureignir Flamengo og Vasco Da Gama teknar til umfjöllunar. Þessi lið eru frá Brasilíu en ófáir knattspyrnusnillingarnir hafa leikið með þessum félögum.
21.20 Þýski handboltinn Svipmyndir frá þýska handboltanum þar sem fjölmargir Íslendingar leika.
22.00 Spænsku mörkin 2007-2008
22.45 Heimsmótaröðin í póker 2006
23.40 Spænski boltinn (Racing - Barcelona)

SÝN 2

07.00 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Man. Utd. - Tottenham)
15.05 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Sunderland - Liverpool)
16.45 English Premier League 2007/08
17.40 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Arsenal - Man. City)
19.20 Enska úrvalsdeildin 2007/2008 (Everton - Blackburn)
21.00 English Premier League 2007/08 Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
22.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
22.30 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

SKJÁREINN

07.35 Everybody Loves Raymond (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.45 Vörutorg
17.45 Thick & Thin (e)
18.15 Dr. Phil Dr. Phil, hreinskilni sjónvarpssálfræðingurinn frá Texas heldur áfram að hjálpa fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segja frábærar sögur og gefa góð ráð.
19.00 Everybody Loves Raymond (e)
19.30 How Clean is Your House? (e)
▶**20.00 Friday Night Lights** (2.22) Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Á sama tima og bæjarbúar grípa til bæna til þess að takast á við meiðsli aðalleikstjórnanda Panthersliðsins setur Taylor þjálfari allt sitt traust á varaleikstjórnandann.
21.00 Raines - NÝTT Ný bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki.
22.00 Law & Order Bandarískur þáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Eldur blossar upp á rokktónleikum í troðfullum næturklúbbi og 23 aðdáendur komast ekki út. Briscoe og Green leita að upptökum eldsins og sökudólgnum á bak við þennan harmleik.
22.50 Everybody Loves Raymond Bandarískur gamanþáttur um hinn seinheppna fjölskylduföður Raymond, Debru eiginkonu hans og foreldra sem búa hinumegin við götuna.
23.15 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum.
00.05 3 lbs (e)
00.55 Sleeper Cell (e)
01.45 Vörutorg

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.35
Men In Trees

Rómantísk þáttaröð með Anne Heche í aðalhlutverki. Heche leikur sambandasérfræðinginn Marin Frist sem er stödd á ráðstefnu í Alaska þegar hún kemst að því að unnustinn hefur haldið framhjá henni. Hún ákveður að setjast að í smábænum en þar eru karlmennirnir tíu sinnum fleiri en konurnar. Í þætti kvöldsins er Marin á leið heim úr ferðalagi til New York og nýi gæinn bíður spenntur eftir að hitta hana aftur.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
RAINES - NÝTT
Skjár einn kl. 21.00

Ný bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki. Þetta eru frumlegir sakamálaþættir með dramatík í bland við húmor og dulúð. Michael Raines starfar í morðdeild lögreglunnar í Los Angeles sem nær beinu sambandi við fórnarlömbin. Frank Darabont, leikstjóri myndanna The Shawshank Redemption og Green Mile, leikstýrir þáttunum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn
07.05 Morgunvaktin
09.05 Laufskálinn
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Stefnumót
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.03 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Útvarpssagan: Konan með hundinn
14.30 Miðdegistónar
15.03 Grannar okkar
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Laufskálinn
19.40 Sumarsaga barnanna: Litla húsið í Stóru-skógum
20.00 Ljóðabókin syngur
21.00 Framtíð lýðræðis
21.55 Orð kvöldsins
22.15 Kvöldsagan: Sagan af Tristan og Ísól
22.45 Kvöldtónar
23.10 Landnemasögur
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

SKJÁ SIRKUS

18.00 Insider
18.30 Fréttir
19.00 Ísland í dag
19.30 Hollyoaks (1:260) Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
20.00 Rock School 1 (e)
20.30 True Hollywood Stories (8:8) (e)
▶**21.15 Smallville** (7:22) Sjötta þáttaröðin um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Clark er samt ekki gallalaus og á það stundum til að vera dálítið klaufskur.
22.00 Monk (6:16) Fyrrverandi rannsóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni.
22.45 The Tudors NÝTT Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki.Mayers er hér í hlutverki Hinriks VIII sem þekktur var fyrir ástarsambönd sín ekki síður en konungstitilinn. Í þáttunum er fylgst með lífi og ástum Henrys sem og þeirra sem stóðu honum næst.
23.40 The 4400 (7:13) Síðastliðin 50 ár hafa 4.400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fellur til jarðar frá geimnum. Sumir hafa einungis verið týndir í nokkra mánuði en aðrir í nokkur ár.
00.25 Joan of Arcadia (20:22) (e)
01.10 Entertainment Tonight
01.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

BBC PRIME

12.00 Our mutual friend **13.00** Hustle **14.00** Garden Rivals **14.30** Bargain Hunt **15.15** Bargain Hunt **16.00** As Time Goes By **16.30** My Family **17.00** Home Front **18.00** Hustle **19.00** Canterbury Tales **20.00** Swiss Toni **20.30** The League of Gentlemen **21.00** Hustle **22.00** The Good Life **22.30** Canterbury Tales **23.30** As Time Goes By **0.00** My Family **0.30** EastEnders **1.00** Hustle 2**.00** Our mutual friend **3.00** Cash in the Attic **3.30** Balamory **3.50** Tweenies

DR 1

12.00 Ægypten **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** Dawson's Creek **14.00** Hjerteflimmer **14.30** Snurre Snup på krigsstien **14.35** Lovens vogtere **15.00** Dragejægerne **15.25** Jungletrommer **15.30** Linus i Svinget **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Genbrugsguld **18.00** Hammerslag **18.30** William og Harry mindes deres mor **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Måske skyldig - når sandheden skal frem **21.10** Seinfeld **21.30** OBS **21.35** Hercule Poirot **4.30** Mira og Marie **4.35** Karlsson på taget **5.00** Charlie & Lola **5.15** Morten **5.30** NU er det NU **6.00** Elmers verden

NRK 1

13.30 Totalt genialt! **14.00** Gatefotball **14.30** Viva Pinata **14.40** Kid Paddle **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk 1**6.00** Små Einsteins **16.25** Gjengen på taket **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** VM friidrett Osaka 2007: Kveldsmagasin **18.25** Valg 07 - Duell **18.45** Valg 07 Distrikt og Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Vinbaronen **20.15** Bokprogrammet møter Philiph Roth **20.45** Verdensarven **21.00** Kveldsnytt **21.15** Columbo **22.50** Festivalsommer **5.30** Jukeboks: Norge rundt

SVT 1

12.35 Pojken i trädet **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Globalisering **15.30** Krokomax **16.00** Nicke Nyfiken **16.25** Ebb och Flo **16.30** Musikvideo **16.35** Tintin **17.00** Felicia uppochner 1**7.15** Planet Sketch **17.30** Rapport **18.00** Studio Sumo **19.00** Kobra intervju **19.30** En Noman i Pakistan **20.00** Spam **20.50** Rapport **21.00** Kulturnyheterna **21.10** Vita huset **21.55** Sändningar från SVT24 **0.55** Friddrott: VM i Osaka **3.10** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige

LÖGIN VIÐ VINNUNA

„Ég hef aldrei vanið mig á það í vinnunni, hvorki sem bæjarstjóri eða þegar ég var skólastjóri, að vera með tónlist í vinnunni. Mér finnst það hreinlega ekki við hæfi. En það er aldrei þögn hér á bæjarskrifstofunum.“

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri og alþingiskona.

Harpa Magg er ekki týnda systirin

Bryndís Harpa Magnúsdóttir er ein þeirra fjölmörgu sem taka þátt í Ljósanótt í Reykjanesbæ í næstu viku. Hún setur þar upp ljósmyndasýningu undir nafninu Harpa Magg. Margir gætu ætlað að Harpa væri því náskyld systkinunum Ara Magg og Silju Magg, sem eru einna fremst á sviði ljósmyndunar á landinu í dag. Aðspurð hvort hún sé týnda systirin hlær Harpa við. „Nei, reyndar ekki. Þó að það hefði ekkert verið leiðinlegt, svona miðað við hæfileika þeirra,“ sagði hún kímin. „Ég hef bara alltaf verið kölluð Harpa Magg,“ útskýrði hún svo, og því ekki langt að sækja listamannsnafnið.

Harpa er lærð form- og módelhönnuður og kennir hönnun og smíði í Njarðvíkurskóla. Ljósmyndun er hins vegar tiltölulega nýtt áhugamál. „Ég keypti vél fyrir um tveimur árum og er búin að vera að mynda síðan. Ég átti svo mikið af efni að ég ákvað að halda eina sýningu í tengslum við Ljósanótt,“ útskýrði Harpa, en sýningin, sem er hennar fyrsta, ber yfirskriftina Íslands þúsund ár og samanstendur af ríflega fimmtíu ljósmyndum. „Ég keyrði um landið og tók fallegar landslagsmyndir og reyndi að fá svona öðruvísi sjónarhorn líka,“ sagði hún.

Brúin úr hönnun og smíði yfir í ljósmyndun er heldur ekki sérstaklega löng, að sögn Hörpu. „Þetta listræna hvílist líklega aldrei, frekar en sköpunarþráin. Maður er alltaf að spekúlera, og mér finnst þægilegt að nota ljósmyndunina sem afslöppunartæki – svona til að njóta augnabliksins,“ sagði hún.

Sýningu Hörpu má skoða að Hafnargötu 17, 2. hæð, í Reykjanesbæ. Ljósanótt hefst á fimmtudag.

- sun

ÁHUGALJÓSMYNDARI Harpa Magg heldur sína fyrstu sýningu á Ljósanótt. Hún er ekki skyld ljósmyndarasystkinunum Ara og Silju Magg.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT 2. samsull **6.** frá **8.** besti árangur **9.** nytsemi **11.** kusk **12.** umhverfis **14.** hangsa **16.** grískur bókstafur **17.** útdeildi **18.** háma **20.** átt **21.** lokka.

LÓÐRÉTT 1. dangl **3.** kringum **4.** grasplanta **5.** arinn **7.** fyrsta síða **10.** að **13.** nægilegt **15.** mjög **16.** erfiði **19.** til.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gums, **6.** af, **8.** met, **9.** not, **11.** ló, **12.** kring, **14.** slóra, **16.** pí, **17.** gaf, **18.** úða, **20.** sa, **21.** laða.

LÓÐRÉTT: 1. bank, **3.** um, **4.** melgras, **5.** stó, **7.** forsíða, **10.** til, **13.** nóg, **15.** afar, **16.** púl, **19.** að.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Angela Merkel.
2. Þýskalandi.
3. Aron Pálmi Ágústsson.

Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

ALEXANDER SIGURÐSSON: VILL VERÐA LEIKARI OG FÓTBOLTAMAÐUR

Slær í gegn í Astrópíu

„Þetta er fyrsta bíómyndin sem ég leik í, en ég hef samt leikið dálítið mikið áður,“ sagði Alexander Sigurðsson, sem hefur vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni Astrópíu. „Ég þekki konu sem velur í hlutverk, hana Alexíu, og hún hefur oft hringt í mig fyrir prufur. Hún gerði það líka fyrir þetta,“ útskýrði Alexander.

Alexía Björg Jóhannesdóttir er aðstoðarleikstjóri Astrópíu, en það var einmitt á hennar vegum sem Alexander tók sín fyrstu skref út á leiklistarbrautina. „Ég var sex ára þegar ég byrjaði í leiklist. Þá fór ég á leiklistarnámskeið í Mosfellsbæ,“ sagði Alexander. Þar býr hann ásamt foreldrum sínum og tveimur eldri systkinum.

Hann sagði erfitt að segja hvað það væri sem heillaði svo við leiklistina. „Mér finnst bara rosalega gaman að leika. Það er samt skemmtilegast að vera í bíómyndum,“ sagði Alexander. Margur hefði haldið að verkefnið væri ansi krefjandi, en Alexander er ekki á því. „Þetta var ekkert svakalega erfitt, bara gaman,“ sagði hann.

Alexía sagði í samtali við Fréttablaðið að leikarinn ungi hefði staðið sig eins og hetja. „Hann er æðislegur leikari og ofsalega duglegur í öllu sem hann tekur sér fyrir hendur,“ sagði hún. „Hann er upprennandi stjarna, ef hann er ekki bara þegar orðinn stjarna,“ bætti hún við.

Þar sem tökur á Astrópíu stóðu yfir að sumri til stangaðist leiklistin ekki á við skólagöngu, og foreldrar og systkini Alexanders fylgdu honum oft á tökustað. „Við notuðum systkini hans meira að segja sem aukaleikara. Þetta er svona fjölskylduverkefni hjá þeim,“ sagði Alexía og hló við. „Það er nú umtalað að börn geti verið svolítið óþolinmóð við þessar aðstæður, en Alexander var alveg eins og engill,“ bætti hún við.

Það kemur því varla á óvart að Alexander hyggist leggja leiklistina fyrir sig í framtíðinni. Utan hennar á hins vegar fótboltinn hug hans allan, en Alexander spilar með Aftureldingu. „Ég ætla að verða leikari þegar ég verð stór. Og fótboltamaður,“ sagði Alexander, sem ætlar augljóslega að leggja hart að sér og er hvergi nærri hættur.

sunna@frettabladid.is

HETJAN ALEXANDER Að sögn aðstandenda Astrópíu stóð Alexander sig eins og hetja í hlutverki sínu. Hann ætlar enda að verða leikari, og fótboltamaður, þegar hann verður stór.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Silja Aðalsteinsdóttir, ritstjóri TMM, ræður sér vart fyrir kæti vegna næsta verkefnis Vesturports. En þar leikur hjartaknúsarinn mexíkóski, **Gael Garcia Bernal,** aðalhlutverkið í uppfærslu leikhópsins á sænsku kvikmyndinni Tillsammans. Eitthvað hefur Silja þó áhyggjur af Nínu Dögg Filippusdóttur sem virðist vera eina leikkonan í hópnum og skrifar Silja því ákall til leikkonunnar á heimasíðu TMM: „Fáðu fleiri stelpur með þér, Nína Dögg, í guðs bænum, annars verður þetta engin kommúna,” skrifar Silja.

Og meira af menningu því stöllurnar **Þóra Sigurðardóttir** og **Marta María Jónasdóttir** sitja nú sveittar við skrif á nýrri bók. Fyrsta bók tvíeykisins, Djöflaterta, kom rækilega á óvart fyrir tveimur árum þar sem ung kona í Reykjavík lét ótryggan elskhuga finna til tevatnsins með eftirminnilegum hætti. Nú virðast hins vegar hvolpaástin og fílapenslar hafa orðið þeim að yrkisefni því samkvæmt heimildum Mannlífsvefjarins er um að ræða „þvottekta unglingabók“.

- fgg

Ísland sagt ofmetinn áfangastaður

Ísland er einn af ofmetnustu ferðamannastöðum heims, að því er bandaríska tímaritið Foreign Affairs heldur fram. Ísland er á lista með áfangastöðum á borð við Ibiza á Spáni, Badaling í Kína og Washington í Bandaríkjunum.

Í umsögn blaðsins segir að sumarbirtan, náttúran og Bláa lónið séu stórlega ofmetin og að hið rétta sé að verðlag í landinu sé yfirgengilega hátt. Er sérstaklega mælt með því að fólk botni kortaheimildina áður en það heimsækir Ísland.

Þá segir einnig í umsögn blaðsins að fólk verði að vera reiðubúið til að greiða tíu dollara fyrir bjór og að það sé engar líkur á að það rekist á Björk á skemmtistaðnum, öfugt við það sem margir halda fram.

Foreign Affairs kannar hins vegar ekki síauknar vinsældir Íslands sem ferðamannastaðar, en ferðamönnum sem hingað koma fjölgar með hverju árinu sem líður. Magnús Oddsson ferðamálastjóri gat ekki annað en brosað þegar Fréttablaðið bar undir hann umsögn tímaritsins og sagði augljósa þversögn felast í rökstuðningnum.

„Það er í rauninni ekkert talað um landið sjálft heldur er einblínt á verðlagið. Þetta er ekkert nýtt fyrir mér því Ísland er og verður ávallt dýr áfangastaður, en þá verða gæðin auðvitað að vera í lagi miðað við verðlagið,“ sagði Magnús. „Hingað hafa hins vegar aldrei komið fleiri ferðamenn og þeir virðast tilbúnir að borga uppsett verð fyrir þjónustu. Það hlýtur að gefa ákveðnar vísbendingar um að Ísland sé þvert á móti áhugaverður áfangastaður,“ bætti Magnús við.

- vig

OFMETIÐ? Bandaríska tímaritið segir að Bláa lónið sé í raun ekki eins merkilegt og látið er af.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MAGNÚS ODDSSON Ferðamálastjóri segir mikla þversögn felast í umsögn Foreign Affairs.

ÚRVAL
AF **ACER** FARTÖLVUM

- VEFMYNDAVÉL

3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

ACER ASPIRE 3693

Intel Celeron 1.73Ghz	15.4” bjartur kristalskjár, Intel örgjörvi, hraðvirkt vinnsluminni og nægt gagnapláss gerir þessa að þægilegum skólafélaga fyrir hagsýna nemandann. Þráðlaust net, innbyggð vefmyndavél og lesari fyrir minniskort er síðan rúsínan í pylsuendanum.
512MB DDR2 minni	
80GB harður diskur	
15.4” skjár / Vista Home	
4 x USB / WiFi / S-Video	

Windows Vista

TILBOÐ: 69.900-

- VEFMYNDAVÉL

3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

ACER ASPIRE 5103

AMD Turion 64 X2 TL-52	Öflug fartölva frá Acer með björtum kristal skjá, tveggja kjarna örgjörva sem vinnur allt að 50% hraðar en hefðbundinn örgjörvi, nóg af hraðvirku vinnsluminni. Innbyggð vefmyndavél, kortalesari, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Premium gerir þessa að meiru en bara skólafélaga.
1024MB DDR2 minni	
120GB harður diskur	
15.4” CrystalBrite skjár	
Vista Premium / WiFi	

Windows Vista

TILBOÐ: 89.900-

- VEFMYNDAVÉL
- 17” BJARTUR SKJÁR

3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

ACER TM 7320

Intel Celeron 1.86Ghz	Glæný fartölva frá Acer með 17” stórum og björtum skjá. Ef þú vilt stærra vinnusvæði í þinni tölvu á flottu verði þá er þessi vél lausnin! Innbyggð vefmyndavél, 3 ára ábyrgð og Windows Vista Home Premium
1024MB DDR2 minni	
80GB harður diskur	
17” Stór og bjartur skjár	
Vista Home Premium	

Windows Vista

TILBOÐ: 99.900-

- VEFMYNDAVÉL
- ATi X2500 512MB

3 ÁRA ÁBYRGÐ

acer

ACER TRAVEL MATE 5720

Intel Core 2 Duo T7100 1.8Ghz	Sterkbyggð fartölva frá Acer með nýjustu kynslóðinni af Intel tveggja kjarna örgjörvum, aragrúi af geymsluplássi með höggvernd og nóg af hraðvirku vinnsluminni. Öflugt skjákort í tölvuleikina ásamt vefmyndavél, kortalesara og Windows Vista Premium gera þessa að sterkum skólafélaga.
1024MB DDR2 minni	
160GB harður diskur	
15.4” CrystalBrite skjár	
ATi X2500 512MB skjákort	

Windows Vista

TILBOÐ: 129.900-

Kíktu við í verslun okkar að Síðumúla 37 og svalaðu þorstanum með ísköldu Coke í gleri á meðan þú skoðar nýjustu fartölvurnar!

Opnunartími: *Virka daga – 10 til 18 Laugardaga – 11 til 15*

svar.) tækni

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SVAR.IS - SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LYFJA - Lífið heil

Lyfja Lágmúla
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24 alla daga

BAKÞANKAR

ÞRÁINS BERTELSSONAR

Hinir vammlausu

Fyrir um það bil ári fékk fólk sem býr í eldgömlu fjölbýlishúsi í 101-hverfinu óvænt símtal frá manni sem kynnti sig sem fasteignasala. Erindið var að spyrja hvað íbúð fjölskyldunnar ætti að kosta. Svarið var að íbúðin væri alls ekki til sölu.

Á næstu vikum frétti litla fjölskyldan í litlu íbúðinni í litla fjölbýlishúsinu að sami fasteignasali hefði haft samband við aðra íbúa hússins og erindið hefði verið hið sama. Hvað kostar íbúðin þín? Fasteignasali þessi var greinilega af nauðgara-manntegund þeirri sem telur að „nei“ sé ekkert svar. Hann tilkynnti hinum heimakæru að hann hefði nú þegar komist yfir tvær íbúðir í húsinu og væri að hugsa um að lána þær erfiðu fólki sem væri alræmt fyrir ofbeldi og óreglu.

SÍMTÖLIN héldu áfram. Fasteignasalinn sýndi svo mikla staðfestu í ásetningi sínum að íbúarnir létu einn af öðrum undan þrýstingnum og gengu að kauptilboðum. Loks kom þar að einungis hinir þvermóðskufullu íbúðareigendur voru eftir.

MAGNAÐIST nú áreitið. Fasteignasalinn lagði niður hið kurteisa viðmót sem hann hafði sýnt í byrjun. Hótanirnar um að gera fólkinu ólíft í húsinu ef það héldi áfram að þverskallast við að selja urðu sífellt skuggalegri – og raunverulegri þar sem þessi óprúttni aðili var nú orðinn eigandi að miklum meirihluta í fasteigninni.

AÐ SJÁLFSÖGÐU gafst litla fjölskyldan í litlu íbúðinni upp á endanum og seldi fasteignasalanum íbúðina sem hún hafði ætlað sér að búa í til frambúðar.

AF FASTEIGNASALANUM harðsnúna er hins vegar það að frétta að um leið og honum hafði tekist að sölsa undir sig þetta hús og nokkur önnur hljóp óvænt á snærið hjá honum og voldugir aðilar sem ekki mega vamm sitt vita keyptu fasteignafélag hans. Hinir voldugu aðilar sem ekki mega vamm sitt vita bera að sjálfsögðu enga ábyrgð á svívirðilegri framkomu fasteignasalans enda hafa hinir voldugu aðilar sem ekki mega vamm sitt vita fyrst og fremst fórnfúsan áhuga á rífa ljót hús og byggja falleg í staðinn og þróa betri byggð í 101-hverfinu í sátt og samkomulagi við bæði Guð og menn og ekki síst borgaryfirvöld.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SANN LEIKUR!

Nissan Pathfinder Adventure er fullbúinn bíll*

* Nissan Pathfinder ADVENTURE SE

- 33” breyting
- Sérsmíðaðar álfelgur
- 7 manna
- Sjálfskipting
- 174 hestafla díselvél
- 3000 kg dráttargeta
- Cruise control
- Dráttarbeisli
- 6 diska CD spilari
- Húddhlíf
- Vindskeið
- Litað gler
- Regnskynjari
- Þokuljós

4.950.000 kr.

NISSAN

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

ENNEMM / SÍA / NM28486